

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Til umræðu hér er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem hefur legið í drögum í nokkuð langan tíma hér á vettvangi borgarstjórnar og fengið umtalsverða umræðu á meðal okkar borgarfulltrúa og eins meðal íbúa á hugmyndaþingi. Og ég vil meina að sú vinna sem hefur verið lögð hér af mörkum í þágu Reykjavíkurborgar sé ómetanleg og mikilvæg fyrir borgarsamfélagið. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenska þjóð á þessum tímamótum sem við stöndum öll á að huga ekki einungis að aðgerðum til þess að tryggja stöðuna eins og hún þarf að vera núna nákvæmlega og þessa dagana, heldur líka að líta til framtíðar. Það er rúmt ár síðan við hér í borgarstjórnarsalnum sátum og gerðum einmitt það, ræddum um framtíðina, og við vorum algjörlega sammála um það öll sem eitt á þeim tímapunkti að við yrðum að taka af festu og mikilli ábyrgð á þeim fjárhagslegu úrlausnarefnum sem við okkur blöstu þá í kjölfar fjármálakreppunnar, og að við mættum ekki láta þar við sitja heldur þyrftum að horfa til sóknar fyrir borgina okkar. Í framhaldi af þeim umræðum var samþykkt hér samhljóða á fundi í borgarráði 20. nóvember 2008 að unnin skyldi áætlun til sóknar fyrir Reykjavík. Og tillagan var, með leyfi forseta, svohljóðandi:

Undirbúin verði sóknaráætlun fyrir Reykjavík vegna þeirra verkefna sem borgin stendur frammi fyrir í ljósi breytinga í efnahagssumhverfinu. Til undirbúnings verði skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að kortleggja tækifæri borgarinnar til nýsköpunar og vaxtar á næstu árum og skal hann vinna á þeim grundvelli hugmyndir um það hvernig höfuðborgin hyggst mæta nýjum áskorunum.

Markmiðin með sóknaráætluninni eru auðvitað að móta stefnu til framtíðar um hvernig best verði tryggt að Reykjavík verði í forystu hvað varðar lífsgæði fyrir borgarbúa og verði fyrsti valkostur fólks og fyrirtækja. Við ræddum það dálítið mikið á vettvangi borgarráðs og á vettvangi borgarstjórnar á sínum tíma hvernig nákvæmlega skyldi haga þessari vinnu og hefðbundið hefði jú verið að skipa í hópinn fulltrúa pólitísku flokkanna hér, og að þetta hefði verið leitt af hálfu meirihlutans og unnið í samræmi við það hvernig svona áætlanir hafa hingað til verið unnar. Við hins vegar ákváðum að fara aðra leið og vorum ákveðin í því að reyna að vinna áætlunina þannig að hún gæti átt breytt eignarhald og við hefðum þannig aðkomu að henni hér í pólitíkinni, að hún yrði ekki afsprengi einhverra

Bstj. 19. janúar 2010

kosningayfirlýsinga eða kosningastefnuskráa heldur væri hún plagg sem að allir gætu hugsað sér að nýta og myndu nýta og nota, hver svo sem hér væri við stjórnvölinn.

Á þetta var lögð öll áhersla og ég er mjög þakklát fyrir það hvernig borgarfulltrúar allir sem einn tóku í það verkefni. Þess vegna var stýrihópurinn ekki skipaður fulltrúum úr borgarstjórn eða þessu pólitíska umhverfi sem hér er, heldur var hann skipaður einstaklingum víða að úr samfélaginu og stýrihópurinn skipuðu: Björg Magnúsdóttir frá Háskóla Íslands, stúdentaráði, Börkur Arnarson sem hefur verið hér í menningarmálum, Guðmundur Oddur Magnússon sem menn þekkja úr Listaháskólanum, Ingi Ingason sem fór fyrir ákveðnum verkefnum tengdum markaðssetningu Íslands, Kristín Vala Ragnarsdóttir úr Háskólanum, Magnús Geir Þórðarson frá Borgarleikhúsinu, Sigríður Ingvarsdóttir frá nýsköpunarumhverfinu, Svafa Grönfeldt frá Háskólanum í Reykjavík, Þór Sigfússon sem var þá formaður Samtaka atvinnulífsins og Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs sem leiddi hópinn fyrir hönd borgarstjórnar. Henni eru og öllu þessu góða fólki færðar innilegar þakkir fyrir mikil störf í þágu þessa verkefnis. En við fengum líka til samvinnu við okkur ráðgjafa sem eru sérfræðingar á svokölluðu sviði sviðsmyndagerðar, sem er aðferð sem hefur verið notuð við stefnumótun og nýst mjög vel víða um heim, og hefur einnig verið notuð við gerð sviðsmynda fyrir sóknaráætlunarvinnu fyrir Ísland í heild. Og við höfum notið góðs af því að hér í borgarstjórn situr Dagur B. Eggertsson sem hefur leitt þá vinnu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þannig að við höfum verið í góðu sambandi með það hvernig þessir hlutir hafa verið unnir.

Loks voru síðan stofnaðir á vettvangi borgarinnar fimm rýnihópar skipaðir fulltrúum úr atvinnulífinu, ReykjavíkurAkademíunni, stjórnendum Reykjavíkurborgar, íbúum úr öllum hverfum borgarinnar og loks fulltrúum ungmennaráðs þar sem unga fólkið okkar kom að þessari vinnu og sagði sína skoðun á sókn fyrir Reykjavík. Það er ómetanlegt fyrir Reykjavíkurborg og við skynjuðum mjög sterkt í þessari vinnu og ég efast ekki um að menn skynji líka í sóknaráætlunarvinnunni sem nú er í gangi hjá ríkisstjórninni, hversu viljugt fólk er til þess að taka þátt, leggja lið og gefa samfélaginu sínu, borginni sinni eða landinu sínu, sína krafta í þágu þess að vinna að góðum hugmyndum og styrkja þá

stöðu sem við erum í. Þannig að það tóku alls á annað hundrað manns þátt í að móta hinn rauða þráð í tillögum um aðgerðir í tengslum við sóknaráætlun fyrir Reykjavík. Þessi aðferð sem ég nefndi hér áðan, hæstvirtur forseti, um sviðsmyndir þar sem við drögum upp og í þeirri vinnu tókum við, allir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar þátt, það var vinnudagur sem helgaður var þessum verkefnum, þar sem við fengum tækifæri til þess að stilla upp ólíkum myndum af Reykjavík framtíðarinnar og síðan voru hlutirnir metnir og skoðaðir út frá því hvernig framtíðin getur verið og hvaða áhrif við getum haft á framtíðina. Þannig var metið hvaða ógnanir og tækifæri gætu mætt borginni í hverri atburðarás og hvað borgin þyrfti helst að forðast til þess að lenda í einhverskonar ógöngum og nýta sér þau tækifæri sem framundan eru.

Og stýrihópurinn gerði svo tillögu að aðgerðum byggða á þessum niðurstöðum og á því sem kom fram á vinnufundum með þessum stýrihópi. Og markmiðið með aðgerðunum er augljóslega að nýta öll hin góðu tækifæri sem leynast í borginni okkar og í borgarsamfélaginu og koma í veg fyrir eða komast framhjá mögulegum hindrunum. Drög að sóknaráætlun sem hér eru til umræðu í dag á þessum fundi lágu fyrir tilbúin í byrjun sumars 2009. Þá var lögð áhersla á aðgerðir til sóknar í átta málaflokknum sem nefndir voru; gildi og framtíðarsýn, höfuðborgin, framtíðarfólkið, græna borgin, skipulagsmál, atvinnulífið, menningarborgin og íbúalýðræði og virkni. Í hverjum flokki voru lagðar til nokkrar lykilaðgerðir, samtals eru aðgerðirnar 35 að tölu og jafnframt voru lagðar til viðbótar tillögur í hverjum og einum flokki. Meðal þeirra aðgerða sem lagðar voru til í drögum að sóknaráætlun var, að haldið yrði árlegt hugmyndaþing í Reykjavík. Og á fundi sínum þann 1. september síðastliðinn samþykkti borgarstjórn tillögu þess efnis og var hugmyndaþingið haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 25. október síðastliðinn undir yfirskriftinni *Í hvernig borg viltu búa?* Þar var leitað hugmynda um framtíðarsýn og áherslur borgarbúa til næstu 5-15 ára í fimm vinnustofum undir yfirskriftinni; í hvernig borg viltu lifa, í hvernig borg viltu læra, í hvernig borg viltu leika og í hvernig borg viltu starfa og í hvernig borg viltu eldast? Um 600 manns sóttu þingið, hlýddu á erindi og ræddu milliliðalaust við borgarfulltrúa, stjórnendur og starfsmenn borgarinnar. Fram komu rétt rúmlega 1.000 hugmyndir, nánar tiltekið 1.072 tillögur voru lagðar fram og eftir flokkun og skráningu þeirra hugmynda komu eftirfarandi meginlínur í ljós. Sem sagt það sem íbúar sögðu og

Það sem íbúar höfðu mestan áhuga á og var athyglisvert í ljósi þeirrar vinnu sem hefur farið fram hér á vettvangi borgarstjórnar og annars staðar að undanfögnu, hversu mikinn samhljóm er að finna meðal borgarbúa og íbúa, held ég, þessa lands almennt um þær áherslur sem huga þarf að til framtíðar.

Það sem kom skýrast fram á þessu hugmyndaþingi sem hér fór fram var í fyrsta lagi skýr áhersla á framtíðarsýn um hlýlega, fjölskylduvæna og skapandi borg þar sem íbúar lifa í sem bestri sátt og samlyndi hver við annan og umhverfi sitt, eins og margir orðuðu það. Rúmlega 40% hugmynda sneru að skipulagi, samgöngum, umferð og umhverfismálum og flest allt sem nefnt var í því samhengi voru skipulagsmál eða samgöngumál sem tengdust þeirra nærumhverfi frekar heldur en stór verkefni. Síðan voru mjög margar hugmyndir sem komu fram um bættu aðstöðu til samveru fjölskyldna og útivistar af ýmsum toga. Þingfulltrúum var sérstaklega umhugað um bættar almenningsamgöngur, eitthvað sem menn nefna ítrekað, aftur og aftur, og aðstöðu góða til hjólreiða, bæði til samgangna og útivistar. Einnig var mjög oft nefnd þjónusta við aldraða sem virðist íbúum mjög hugleikin. Þar var áhersla á sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt þess hóps og í framkomnum hugmyndum um þjónustu við börn var áhersla á fjölbreytileika í kennslu og fjölbreytt tækifæri til hollrar hreyfingar.

Þannig að það var áberandi samhljómur í niðurstöðum hugmyndaþings og í þeim drögum sem allir flokkar utan F-lista hafa ákveðið að leggja hér á dagskrá í dag. Þá var mikill samhljómur með þeim áherslum sem komu fram á hugmyndaþinginu og í þeim drögum sem nú liggja fyrir að sóknaráætlun. Þessar sömu áherslur komu einnig mjög skýrt og afdráttarlaust fram í niðurstöðum íbúakosningar sem fór fram í tengslum við fjárhagsáætlunargerðina um smærri nýframkvæmdir og viðhald og fór fram í desember þar sem niðurstaðan var einnig, þar sem að í íbúakosningunni völdu átta af tíu hverfum verkefni á sviði umhverfis og útivistar.

Í drögum að sóknaráætlun eru átta tillöguflokkar, eins og ég sagði áðan, og þar er lögð áhersla á sköpun til framtíðar og aðgerðir er tengjast þeim málum sem greinilega endurspeglast mjög mikið í hugmyndaþinginu, finnast í þessum drögum að okkar sóknaráætlun; í grænu borginni, í skipulagsmálunum, í menningarborginni, í framtíðarfólkinu og er þannig í samræmi við þær áherslur.

Það er hvergi að sjá, vegna þess að við lögðum upp með það hér og ræddum það sérstaklega hér á þessum vettvangi borgarstjórnar, að hugmyndaþingið þyrfti að nýtast inn í þessa sóknaráætlun. Við vildum sem sagt ekki samþykkja sóknaráætlunina þrátt fyrir að hún lægi fyrir tilbúin í drögum, við vildum ekki samþykkja hana fyrr en við værum búin að gefa fólki tækifæri til þess að mæta á þetta hugmyndaþing, koma með nýjar hugmyndir og þar gat það lesið sóknaráætlunina og komið þá með ábendingar.

Nú hefur þessi góði hópur sem hefur haldið utan um þetta verkefni hér farið yfir þessar tillögur sem einnig hafa verið afhentar borgarfulltrúum, allar þessar rúmlega þúsund tillögur, og þar geta menn mjög glögglega séð að það er hvergi að sjá að tillögur sóknaráætlunar og tillögur íbúa séu í beinni andstöðu. Öðru nær virðist vera góður samhljómur. Engu að síður telja þeir sem halda utan um þetta verkefni að það sé ástæða til þess að bæta inn í drög að sóknaráætlun einum kafla, einum flokki, sem væri þá samvera og útivist. Það liggur fyrir tillaga sem verður síðan tekin upp þegar menn hafa fengið tíma til þess að rýna þetta, að bæta við svokölluðum flokki sem heitir samvera og útivist og bæta við ákveðnum lykilaðgerðum í flokknum græn borg, framtíðarborg og í flokknum atvinnulíf. Tvær þessara nýju aðgerða voru í raun komnar fram sem viðbótartillögur hjá stýrihópi um sóknaráætlun þannig að þessar niðurstöður frá hugmyndaþinginu staðfesta enn frekar þeirra fyrri tillögur.

En ágætu borgarfulltrúar, orðum verður að fylgja framkvæmd, það vitum við, en til að hugmyndir um sókn borgarinnar verði að veruleika þurfum við hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða að svo verði. Auðvitað er það meira en líklegt, næsta öruggt, að öll okkar eiga sér ákveðnar uppáhaldsáherslur í þessari sóknaráætlun og telja sumt vera nær eigin hugmyndafræði heldur en annað, eins og sjá má í tillögum frá hugmyndaþingi og eins er alveg líklegt að einhverjar þessara aðgerða muni ekki eiga upp á pallborðið. En ég vil leggja áherslur á þessar tillögur um hugmyndir og aðgerðir að hugmyndaþingi, þær eru ekki unnar af stjórnámálönnum sem koma að því verki með ólíkum stjórnámálaskoðunum og sínum áherslum um framtíðarþróun. Þær aðgerðir og tillögur sem eru hér í drögum að sóknaráætlun fyrir Reykjavík eru unnar af breiðum hópi fólks, af breiðum hópi íbúa í Reykjavík. Við höfum hér í höndunum að mínu mati einstakt

tækifæri, tækifæri til að láta hugmyndir og áherslur íbúa beint í framkvæmdafarveg. Við getum þannig sameinast um að vísa lykilaðgerðum í sóknaráætlun til framkvæmda á sviðum borgarinnar og vísa hugmyndum borgarbúa af hugmyndaþingi til umfjöllunar í ráðum. Þannig erum við að sýna í verki þann vilja sem ég veit að við höfum öll látið í ljós á mismunandi tímum; að hlusta á raddir borgarbúa og hvetja þá til virkrar þátttöku í ákvörðunum sem hafa áhrif á framtíð borgarinnar.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Með aðgerðum í drögum að sóknaráætlun er reynt að draga úr neikvæðum langtímaáhrifum þess efnahagsvanda sem samfélagið glímir nú við. Með því að horfa á tækifæri sem borgin hefur á ýmsum sviðum. Það er gríðarlega mikilvægt að haldið verði áfram að byggja upp til framtíðar um leið og við leysum vandamál nútímans. Aðgerðir þær sem felast í sóknaráætlun kalla sumar á fjárfestingar og/eða fjárútlát en aðrar snúa fyrst og fremst að breyttri forgangs röðun, breyttum áherslum og því að efla sköpun og kraft með íbúum og fyrirtækjum borgarinnar. Mig langar að nefna það að í þessari umræðu hér sem ég vænti þess að verði góð, enda hefur verið mikil vinna lögð í þetta verkefni og mjög margir sýnt því mikinn og ákveðinn áhuga og greinilegt, sem er ánægjulegt eins og ég hef sagt, að tónninn er svipaður. En mig langar að lokum fyrir hönd Borgarstjórnar Reykjavíkur sem fyrir rúmu ári lagði upp í þá vegferð að móta stefnu og aðgerðir til sóknar fyrir borgina okkar, að þakka öllum þeim fjölmörgu íbúum, félagasamtökum, hverfasamtökum, starfsmönnum og einstaklingum, sem þannig lögðu hönd á plóg og sköpuðu með hugmyndum sínum og þátttöku skýra áætlun til framtíðarsóknar fyrir Reykjavík.

Auðvitað eru, og ég vil nefna það einnig, forseti, að það eru sumir þættir þarna sem, eins og ég nefndi áðan, eru klárlega orðaðir ekki með nákvæmlega sama hætti og við í pólitíkinni höfum gert eða með nákvæmlega þeim hætti sem að við hefðum lagt upp með en ég ítreka það að þessu verkefni hefur, eins og ég sagði áðan, komið mjög breiður hópur fólks, fólks sem að setti Reykjavík í forgrunn og í öndvegi og leggur hér fram tillögur sem eru metnaðarfullar, kraftmiklar, öflugar fyrir Reykjavíkurborg og ég er sannfærð um það að ef okkur lánast það að vinna að þessu sameiginlega eins og við lögðum upp með, að þá náum við góðum árangri, árangri sem er ekki bara fyrir Reykjavík til næstu ára, næsta kjörtímabils

Bstj. 19. janúar 2010

eða þar næsta kjörtímabils heldur til langrar, langrar framtíðar. Tækifærin eru sannarlega og klárlega á fáum stöðum fleiri en hér og þau ber að nýta, og ég vil meina að þau drög sem hér eru til umræðu nýti þau ljómandi vel.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Í gær var haldinn blaðamannafundur þar sem að kynnt var sú fyrirætlun stjórnvalda og sveitarfélaga um land allt að standa fyrir þjóðfundum á átta stöðum þar sem að leggja á grunn að því að skilgreina megin styrkleika og sérkenni hvers svæðis og hvað muni helst duga til viðspyrnu fyrir land og þjóð, bæði í atvinnumálum en líka því sem lýtur að því að styrkja samfélagsgerðina. Ég hef leyft mér að orða það þannig að eitt af því sem að samfélagið þurfi núna sé sókn og samstaða, og ég held að það versta sem að við getum eytt orku okkar í á næstu árum, sem verða erfið einmitt hvað varðar atvinnumálin og samfélagsmálin, sé að öll orka okkar fari í innbyrðis átök. Þess vegna væri mikið til unnið ef að þjóðin, stjórn málaöflin, hagsmunaaðilar, fyrirtæki og einstaklingar geti sameinast um lykiláherslur.

Það má eiginlega segja að sá tónn sem þar er sleginn og í því verkefni hafi verið sleginn hér nokkru áður í borgarstjórninni. Samfylkingin flutti í nóvember, mánuði eftir hrun, ítarlega tillögu um það að farið yrði í vinnu á vettvangi borgarstjórnar til þess að skilgreina nýja atvinnustefnu fyrir Reykjavík, viðbrögð við hruninu og allir aðilar kallaðir að borðinu um það hvernig vinna mætti úr þeirri flóknu og erfiðu stöðu sem allt samfélagið væri komið í.

Ég hef áður rakið og raunar ítrekað hér í borgarstjórn liði í þessari tillögugerð, vegna þess að því miður þá hafa margir þeirra ekki ennþá komist almennilega í verk og sumir einungis að hluta. Borgarstjóri gerði það þó nokkrum vikum eftir þennan tillöguflutning að leggja til í borgarráði með vísun til tillagna Samfylkingarinnar að byrjað yrði á undirbúningi að sóknaráætlun fyrir borgina sem hér er loks komin á dagskrá. Hún lá eins og fram kom í máli borgarstjóra reyndar fyrir nærri því ári og ég get tekið undir mjög margt í ræðu borgarstjóra varðandi ágæti þeirrar vinnu sem grunns fyrir þær ákvarðanir sem við þurfum svo að taka, vissulega í miklu samráði á hinum pólitíska vettvangi.

En eins og ég hef seint og snemma nefnt hér í ræðustólnum, þá hefur okkur í Samfylkingunni fundist áherslan á atvinnumálin, atvinnustefnuna og það sem gera þurfi til þess að Reykjavík taki forystu eftir hrun hafa gengið of hægt og ég vona að þessi umræða verði til þess að þessir hlutir verði setti í markvissari farveg, ekki

aðeins sóknaráætlunin heldur líka áherslur á áttak í viðhaldsmálum og fleiri störf á því sviði. Og ætla ég ekki að lengja ræðu mína með því að minna á tillöguflutning í því efni. En það er býsna áhugavert og í raun nokkuð merkilegt að endurnýja kynnin af þeirri góðu vinnu sem unnin var fyrir ári við undirbúning sóknaráætlunar fyrir Reykjavík, vegna þess að þá voru býsna margir kallaðir til til þess að skilgreina þá megin krafta sem að hrærðust og höfðu kannski áhrif á ytra umhverfi Reykjavíkurborgar og í þeirri sviðsmyndavinnu sem þá átti sér stað. Og hverjir voru þessir lykilkraftar? Jú, ásarnir sem að sá hópur náði samstöðu um að yrðu ráðandi voru annars vegar þróun í átt til aukinnar alþjóðavæðingar eða ekki og síðan ósjálfbær þróun eða sjálfbær þróun. Og út úr þessu komu fjórar megin sviðsmyndir sem tala býsna skýrt og kallast á við það hvernig líklegt er að Reykjavíkurborg eins og raunar mjög mörgum öðrum geti vegnað í ókominni framtíð. Þessar fjórar myndir voru býsna skýrar. Í þeirri fyrstu sem hlaut nafnið *Skertið* hafði alþjóðlegt orðspor Íslendinga beðið skipbrot og landið einangrast, það var rúið trausti. Ísland hafði misst forræði í mikilvægum málum svo sem peningastjórn og nýtingu auðlína. Þetta var með öðrum orðum einangrunar sviðsmyndin þar sem að við sjálf höfðum jafnframt haldið áfram að umgangast auðlindir okkar og eignir á óábyrgan og ósjálfbæran hátt.

Hin einangrunar sviðsmyndin fékk nafnið *Hriflan* og lýsti því að þó svo að Íslendingar væru ábyrgari í að umgangast auðlindir sínar þá væri landið áfram einangrað á margan hátt, með einangraðan veikan gjaldmiðil og áframhaldandi sveiflur og hrun. Og báðar þessar sviðsmyndir draga í raun fram veikleika þess þegar horft er til framtíðar að horfa ekki á þá heildarmynd sem við blasir þegar að við erum að ráða fram úr brýnustu viðfangsefnum samtímans. Þessi vinna dró einfaldlega fram að eitt af því sem getur skipt hvað mestu máli fyrir velferðina í borginni, fyrir ný störf í borginni, fyrir hag heimilanna og fyrirtækjanna í borginni eru hlutir sem að jafnvel aldrei eða alltof lítið koma til tals eða kasta okkar hér í borgarstjórn, eins og framtíðarlausn í gjaldmiðilsmálum. Eins og það að ná sátt við alþjóðasamfélagið en þó erum við að fást við þessar spurningar bara frá okkar hlið. Nú er öll framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar til að mynda í uppnámi á þessu ári vegna þess að lífeyrissjóðir landsins geta ekki lánað okkur peninga til þess að efla atvinnu og skapa störf við framkvæmdir, vextirnir eru einfaldlega of háir. Og ekki verður hægt að ráðast í frekari virkjanir hjá Orkuveitu Reykjavíkur

ef að ekki úr rætist á alþjóðlegum lánamörkuðum. Og forstjóri Orkuveitunnar sagði það raunar daginn eftir að Icesave-frumvarpinu eð lögnum svonefndu var vísað til þjóðarinnar, að á meðan ekki væri komin niðurstaða í það mál að þá þýddi ekki einu sinni fyrir Orkuveituna að leita eftir frekari lánnum. Við horfum með öðrum orðum fram á lánsfjár- og framkvæmdastopp, ekki bara hjá Reykjavíkurborg heldur mjög víða annars staðar ef að þessir ytri þættir sem góðu heilli voru teknir inn í myndina þegar að lagður var grunnur að sóknaráætlun verða ekki leystir.

Um þetta mætti svo auðvitað hafa mjög mörg orð sem ég ætla ekki að gera heldur bara undirstrika bæði við borgarfulltrúa og aðra sem vilja setja sig inn í brýnustu hagsmunamál Reykjavíkurborgar til framtíðar litið að þau gögn sem liggja sóknaráætlun Reykjavíkur til grundvallar eru á mjög margan hátt upplýsandi og greinandi um þetta ytra umhverfi en líka og þar vil ég taka undir með borgarstjóra kemur á óvart hvað fólk sem kallað var til náði samstöðu um marga hluti. Og það held ég að hljóti að verða okkur innblástur fyrir sóknaráætlun landsins í heild, sem og sóknaráætlun fyrir höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið. Þar þurfum við að hætta að horfa einangrað á Reykjavík og horfa til höfuðborgarsvæðisins í heild ekki bara í hefðbundnum skilningi heldur út á Reykjanestá, upp í Borgarnes og austur til Árborgar. Við þurfum að átta okkur á því að til þess að skapa góð og áhugaverð störf til þess að koma í veg fyrir landflóttu, þá þurfum við að styðja við skapandi greinar. Við þurfum að styðja við fyrirtækin og grasrótina.

Við þurfum að gera það auðvelt að stofna og reka fyrirtæki í Reykjavík og við þurfum að velta fyrir okkur hvort að upphæðir sem okkur finnst sjálfsagt að verja til dæmis til rannsókna og þróunar þegar einstaka virkjanir eru annars vegar, sem hleypur ekki bara á hundruðum milljóna heldur milljörðum, gæti jafnvel skapað okkur sömu gjaldeyristekjur en hraðar og örugglegar ef við mundum beita þeim til þess að markaðssetja Reykjavík og Ísland sem land sem hentaði ekki bara Clint Eastwood heldur mjög mörgum öðrum til kvikmyndagerðar. Ef við markaðssetjum tölvunarfræðingana okkar og styðjum við þá grasrót sem sannanlega er sprottin upp og er ekki síst að biðja um það að stjórn málin taki ákvarðanir sem tryggja einhvern langtíma stöðugleika í rekstrarumhverfi þessara fyrirtækja. Þetta er ábyrgð stjórn mála og starfið er hafið, það hefur dregist of

lengi hér á vettvangi borgarstjórnar, en ég mun halda áfram að vera uppbyggjandi og hvetjandi, að menn stigi nú næstu skref. Hér liggja fyrir tillögur að allavega tíu nýjum stefnumótunarverkefnum, það er býsna mikil stefnumótun í að ráðast og hugsanlega verðum við að velja þar eitthvað úr. En það sem að ég held að mestu skipti fyrir atvinnustigið strax í sumar, fyrir þá tiltrú sem að við viljum að Reykjavíkurborg og stjórnvöld njóti, í þeim verkefnum sem eiga að horfa til framtíðar eða við veljum úr þau verkefni sem hægt er að hrinda strax í framkvæmd og gerum það. Það lögðum við til hér fyrir ári og það lögðum við til síðasta vor, síðasta haust og aftur núna, það væri besta upphafið af þeirri sóknaráætlun fyrir Reykjavík sem hér er til umræðu og það væri líka frumkvæði sem mundi nýtast okkur öllum í þá sókn sem við þurfum að láta leiða af hruninu og þeim erfiðu og brýnu viðfangsefnum sem blasa við eftir það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Sóknaráætlun borgarinnar bar á góma í borgarráði á fimmtudaginn var og tilefnið var hugmyndaþing Reykjavíkur sem var haldið hér í Ráðhúsinu 25. október sl. og afrakstur þess. Á fimmtudaginn var ekki minnst á það sem kom síðan í ljós á föstudag að ætlun meirihlutans væri að leggja sóknaráætlun fram til samþykktar á þessum fundi, en á föstudeginum var svo þeirri tillögu breytt í þær umræður sem hér fara fram og það er allt í góðu. Á fimmtudaginn í borgarráði skildi ég það svo að það væri verið að breyta fyrri útgáfu sóknaráætlunarinnar með hliðsjón af hugmyndum sem að komu fram á hugmyndaþinginu, en við erum fyrir stuttu síðan að fá gögn sem fylgdu þessum lið þ.e.a.s. sóknaráætlunina og punktana frá hugmyndaþinginu, og mér sýnist að sóknaráætlunin sé lögð fram óbreytt þó að ég sé nú ekki búinn að lesa hana alla yfir. En mér sýnist þetta vera sami bæklingurinn og við höfum séð áður og þetta er að mínu mati lýsandi fyrir handabakavinnu sem að hefur einkennt gerð sóknaráætlunar fyrir Reykjavík sem á sínum tíma lofaði góðu.

Eins og borgarstjóri sagði var ákvörðun um gerð sóknaráætlunar fyrir Reykjavík tekin í borgarráði í nóvember 2008. Þetta var í upphafi hrunsins og margir voru í sjokki, útlitið var slæmt, en þegar upp er staðið óraði okkur ekki fyrir því á þessum tíma hvað ástandið var í raun og veru slæmt. Í borgarráðstillögunni um sóknaráætlunina segir meðal annars, með leyfi forseta:

Einnig verður horft til þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið á vettvangi aðgerðarhóps borgarráðs um fjármál borgarinnar vegna breytinga í efnahagsumhverfinu.

Mánuði síðar eða 20. desember 2008 lagði borgarstjóri fram fjárhagsáætlun þar sem gert var ráð fyrir því að atvinnuleysið yrði komið í 7% í lok síðasta árs og gengisvísitalan komin í 170 stig og þetta þótti vera svakalegt.

Núna vorum við að gera fjárhagsáætlun þar sem reiknað er með 11% atvinnuleysi og gengisvísitalan fari ekki niður fyrir 235 stig og það gildir fyrir þetta ár og það næsta. Og ég spyr þá; kallar þetta út frá bókun í borgarráði hugsanlega á endurskoðun á sóknaráætluninni? Í ályktun borgarráðs segir ennfremur:

Starfshópurinn kalli aðra til samstarfs og samráðs og hafi til hlíðsjónar þær áætlanir, rannsóknir og viðhorfskannanir sem hafa verið unnar á vegum borgarinnar.

Um það leyti sem að hópurinn var skipaður og eftir það hefur borgarráð og fagráð borgarinnar myndað nýja starfshópa til að takast á við brýn verkefni sem að mestu leyti eru afleiðingar kreppunnar og þá helst áhrif hennar á velferð barna í ýmsum myndum. Þannig er til að mynda aðgerðahópur í málefnum barna nú að safna upplýsingum um hina ýmsu þætti sem að á bjátar vegna ákvörðunar borgarstjórnar um það að tileinka árið 2010 velferð barna. Kallar þetta hugsanlega á endurskoðun á sóknaráætluninni?

Í nóvember 2008 skipaði borgarráð starfshóp til að vinna tillögur að sóknaráætluninni. Í hópnum var margt úrvals fólk allt saman sem skilaði að mínu mati mestan part góðum tillögum. Það er þó greinilegt að okkar mati, okkar í borgarstjórnarflokki VG, að tillögurnar bera starfssviði þeirra sem þær gerðu vitni og í sjálfu sér ekkert slæmt um það að segja. Hins vegar vantar að okkar mati inn í sóknaráætlunina ákveðna þætti og okkur finnst það ekkert ósennilegt að það skýrist af því að inn í hópinn hafi vantað fulltrúa ákveðinna sjónarmiða. Í stýrihópnum sem var skipaður eru; þáverandi formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, framkvæmdastjóri Gallerís, prófessor við Listaháskóla, verkefnisstjóri á verkfræðistofu, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs, leikhússtjóri, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, rektor og leiðtogi atvinnurekenda. Stýrihópurinn hafði síðan, eins og kom fram í máli borgarstjóra, samband við fjölda manns og þekki ég stöðu flestra þeirra í samfélaginu.

Þegar að borgarstjórnarflokkur VG tók tillögu sóknaráætlunarinnar fyrir á fundi sínum á sínum tíma og í tölvupóstssamskiptum var það almennt mál manna að margt gott væri að finna í tillögunum, en það vantaði ýmislegt inn í þetta. Þaðan koma athugasemdir á borð við þessar, með leyfi forseta, ég vitna þá í nokkrar athugasemdir frá félögum mínum: „Gott að leggja áherslu á listmenntun og menningarlæsi, en ég held að það sé ekki síður mikilvægt að nefna verkmenntun og verklega færni“. Og svo kemur: „Ókei með sjálfboðaliðastarf í skóla, en á réttum forsendum. Skólakerfið okkar má ekki við því að virðing við starf kennara verði minni“. Og svo: „Bara frábært að sjá þælingar um íbúalýðræði, eflingu hverfanna í borginni og jafnréttisskóla“. Og síðan halda félagar mínir áfram að

gefa álit á sóknaráætluninni. Umhverfiskaflinn til dæmis að mörgu leyti góður, en nú þarf sterka málssvara umhverfisins til þess að fylgja þessu eftir. Og síðan: „Það vantar alla umfjöllun um menntastofnanir borgarinnar. Og ekki minnst einu orði á tómsundur og íþróttir“. Áfram er tilvitnun í félag: „Ég var að renna í gegnum plaggið og það sem ég ekki átta mig á hvað átt er við er fyrsta tillaga af 35 lykilaðgerðum en þar segir m.a.: Víðtækt samráð við borgarbúa og breytt eignarhald er lykill að farsælli stefnu sem hefur raunveruleg áhrif“. Og hann heldur áfram þessi félagi: „Þetta með breytt eignarhald segir manni bara alls ekki neitt. Af hverju og hvernig á að breyta eignarhaldi?“ Og síðan kemur annar: „Þetta minnir mig um margt á skýrslu sem R-listinn lét vinna á sínum tíma, þá er hann að fjalla um sóknaráætlunina almennt, man ekki alveg hvað skýrslan hét, eitthvað um hin ýmsu andlit borgarinnar. Þetta unnu einn aðalstýrihópur og svo rýnihópar, einn fyrir hvert andlit. Þá eins og nú voru tilkallaðir einstaklingar víða að auk embættismanna borgarinnar, úr atvinnulífi, háskólasamfélaginu, menningarlífi að viðbættum fulltrúum stéttarfélaganna sem ekki sjást í hópnum núna. Gaman væri að vita hvað varð um þá skýrslu, hve miklu skilaði hún inn í starfsemi borgarinnar og hvað stendur eftir af þeim fyrirheitum sem þar voru gefin“. Tilvitnunum lýkur.

Í athugasemdum féлага minna kemur ýmislegt fram sem bendir til þess að það sem sárlega hefði vantað í hópinn hafi verið þeir sem vinna með málefni barna. Og þetta með eignarhaldið er náttúrulega forvitnileg spurning og síðan hitt hvað er gert við svona plagg eins og við erum að ræða um núna. Það væri gott að fá svör við því – hvað varð um skýrsluna og vinnuna um hin mörgu andlit og hverju sú vinna áorkaði.

Forseti, borgarfulltrúar. Þegar þarna var komið sendi ég eftirfarandi bréf til borgarstjóra, en það er 23. júní á síðasta ári, með leyfi forseta:

Sæl.

Borgarstjórnarflokkur okkar tók umræðu um sóknaráætlunina um daginn. Margt gott má finna þar, sumt miður, en mest gott. En það sem mínu fólki fannst verra er að ýmislegt vantar í áætlunina sem gefur öðru óeðlilegt vægi. Þetta skýrist sennilega af því hverjir koma að gerð sóknaráætlunarinnar og hverja vantaði. Við þær aðstæður sem við nú búum við væri óvitlaust að okkar mati að tengja borgarbúa við þessa áætlun og tryggja það með bestum hætti að öllu sem mikilvægt getur talist verði haldið til haga. Þetta hefur verið gert áður til að mynda við undirbúning að Staðardagskránni. Það þarf ekki að vera dýrt, væri lýðræðislegt og í anda nýrra tíma.

Bstj. 19. janúar 2010

Við þessum tillögum okkar fékk ég ekki svar, en þegar kom að framkvæmd hugmyndapingsins 25. október í fyrra tók ég upp þráðinn og lagði til að þingið yrði notað sem innlegg í sóknaráætlunargerðina. Þetta hafði greinilega ekki verið hugmyndin, eins og sést á auglýsingu á vef borgarinnar 22. október sl., en þar segir um dagskrá hugmyndapings, með leyfi forseta: kl. 13-16 kynning á sóknaráætlun og verkefnum borgarinnar. Sérstök sóknaráætlun var unnin á vegum Borgarstjórnar Reykjavíkur á vormánuðum með það að markmiði að efla borgina til framtíðar. Á þinginu verða kynntar tillögur 35 lykilaðgerðir í 8 flokkum og síðan er talið upp hvaða aðgerðir það eru. Á þinginu lá síðan frammi sóknaráætlunin í útprentuðum bæklingi og þó að á seinni stigum hafi fyrir okkar orð verið talað um að þingið væri að einhverju leyti innlegg í sóknaráætlunina var ekki verið að vinna markvisst að því.

Forseti, borgarfulltrúar. Hér er verið að ræða um sóknaráætlun, það er bara umræða var sem betur fer ekki tillaga, því að það vantar að vinna sóknaráætlunina betur að mínu mati. Í frétt sem birtist á heimasíðu borgarinnar 25. október, daginn sem hugmyndapingið var haldið, er skýrt frá því og þar segir meðal annars, með leyfi forseta:

Hanna Birna segir að nú taki við úrvinnsla þessara hugmynda þar sem markmiðið sé að finna því stað í sóknaráætlun fyrir Reykjavíkurborg, en drög að henni voru kynnt og svo framvegis.

Tilvitnun lýkur.

Þetta var fyrir 3 mánuðum síðan og nú erum við að ræða um tillögu að sóknaráætlun sem að er lögð fram óbreytt að því er mér sýnist. Ég legg til að málinu, sóknaráætluninni, verði vísað til borgarráðs, en þar munum við í VG leggja til að henni verði vísað til fagráðanna, þannig að tryggt verði að öllum sjónarmiðum verði haldið til haga og að sóknaráætlunin verði kláruð í anda þeirrar vinnu sem lögð var í gerð *Staðardagskrárinnar*.

Forseti, borgarfulltrúar. Að lokum vil ég óska eftir því að fá upplýsingar um það hvað vinna við sóknaráætlun kostar miðað við daginn í dag.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fagna þeirri vinnu sem átt hefur sér stað við að móta þessa sóknaráætlun Reykjavíkurborgar. Hún hefur, eins og hér hefur verið rakið, verið í vinnu um nokkurt skeið og margir hafa komið að þessari vinnu. Ég vil þakka þeim öllum kærlega fyrir þeirra framlag til verksins og nú er það auðvitað svo, eins og kom fram í málflutningi ágætra ræðumanna á undan mér, að það er auðvitað engin áætlun fullkomin og það má auðvitað alltaf gera betur. En ég held þó að hún nái svona nokkurn veginn í kringum margt það sem getur orðið okkur til styrkingar á komandi misserum og árum.

Það er kannski á tímum sem þessum þegar að efnahagslífið hefur orðið fyrir áfalli og þjóðin kannski og borgarbúar líka einnig orðið fyrir áfalli, þá er oft betri tími heldur en kannski endranær til þess að fara í slíka vinnu, átta okkur á því hvað við höfum í höndunum. Fyrir nokkrum árum voru borgarfulltrúar mjög uppteknir af því að tala um stórtækar hugmyndir í borgarskipulaginu sem margar hverjar kostuðu mikla fjármuni. Fókusinn hefur svolítið breyst í borgarstjórn hvað þetta varðar. Nú tölum við meira um það sem við höfum, þökkum fyrir það sem við höfum og veltum því fyrir okkur hvað þetta sem við höfum í höndunum hvernig það getur orðið okkur til eflingar til framtíðar. Það er einmitt á tímum sem þeim sem við eigum auðvitað að fara yfir það hvað við höfum og hvernig við getum spilað sem best úr okkar spilum til þess að við getum sótt fram á ný, þessi vinna er þá mjög góð til þess. Hvað varðar einstök atriði í áætluninni – ég kem betur að því á eftir.

En ég fagna orðum Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa hér áðan, þar sem hann lýsti því hvernig ríkisstjórnin væri að vina í sínum málum og heyrðist mér ekki betur á borgarfulltrúanum en að hann ætlaði með einhverjum hætti að nota þessa sóknaráætlun sem fyrirmynd að því hvernig væri hægt að endurtaka leikinn á landsvísu og ég held að það sé bara hið besta mál. Stundum er sagt að Ísland sé að breytast í borgríki, ég ætla ekki að dæma um það hvort það sé alveg rétt, en það er að minnsta kosti einhver þróun í þá átt og þá er alveg ljóst að í landinu eins og það er að þá þarf Reykjavíkurborg að ná frumkvæði og hún þarf að eiga frumkvæði og Reykjavíkurborg er auðvitað forystuafli á landsvísu. Ég held líka að við í

borgarstjórn, við höfum verið miklu fyrri til að bregðast við heldur en þær ríkisstjórnir sem hér hafa setið á síðustu 15 mánuðum. Ég held að það hafi verið að mörgu leyti verið einstakt hvernig Borgarstjórn Reykjavíkur brást við þeim áföllum sem hér dundu yfir okkur í september til nóvember á þar síðasta ári, mjög gaman að sjá einhuginn í borgarstjórn um það að menn yrðu að ná saman um megin stefnu til þess að takast á við þá erfiðleika sem að steðjuðu. Það er ekki hægt að segja að það hafi sama festan verið í landsstjórninni á sama tíma og ég ætla ekkert að dæma um af hverju það var, það voru kannski stærri vandamál sem erfiðara var að ná utan um.

En ég held svona eftir á að hyggja þá hljóti flestir að dæma það þannig, að það hafi verið brugðist mjög vel við erfiðleikum hér í borgarstjórn og mjög gott ef það væri hægt að endurtaka þau vinnubrögð á landsvísu og auðvitað nær þessi vinna einhvern veginn saman milli borgar og ríkis. Við vitum hvað við höfum í höndunum. Við ætlum að byggja á okkar styrkleikum og takast á við veikleikana og helst að eyða þeim og út úr þessu mun koma held ég, ekki bara sóknaráætlun heldur síðan sóknarvinna, og stór hluti af þeirri vinnu er ekki síst að efla sjálfstraustið í þjóðfélaginu. Efla sjálfstraustið hjá borgurunum, hjá stjórnámálamönnum, hjá starfsmönnum borgarinnar og embættismönnum þeim sem fyrir okkur vinna.

Á síðustu misserum þá hefði á ákveðnum tímamökum mátt vera meira sjálfstraust hjá okkur og hjá þjóðinni. Ég held að þessi vinna sé mjög góð í því til þess að byggja upp slíkt sjálfstraust, því að eins og ágætur stjórnámálamaður sagði á síðustu öld; við höfum ekkert að óttast nema óttann sjálfan. Það er þá fyrst þegar að einhver ótti grípur um sig meðal þjóðarinnar sem getur farið að óttast. Auðvitað komumst við öll í gegnum þetta og auðvitað eigum við að nýta þá styrkleika hér í borginni miklu betur til þess að komast út úr þeim erfiðleikum sem að okkur steðja og hefja sókn fram á við á ný.

Hér er auðvitað komið inn á fjölmarga góða punkta í þessari stefnuskrá. Það kom aðeins fram gagnrýni hér að það hefði mátt vera meira um menntun og íþróttir og það má auðvitað alltaf finna að málaflokkum sem betra hefði verið að fara yfir betur, en það er samt komið inn á þessa hluti með ýmsum hætti í sóknaráætluninni. Og ég sé það fyrir mér að það sem stendur hér undir kaflanum

Framtíðarfólkið, hér er talað um að skilgreina Reykjavík sem alþjóða háskólaborg og hér er talað um að auka val í skólastarfi og undirstrika fjölbreytni og gagnrýna hugsun. Það má segja að þetta sé auðvitað grunnurinn í öllu góðu menntakerfi, það er að við ástundum gagnrýna hugsun og gefum val. Og það er bara gaman að segja frá því að ég held að ég hafi á undanförunum árum og reyndar á þessu kjörtímabili og reyndar síðasta kjörtímabili einnig, þá hafi verið unnið að því í skólamállum borgarinnar að gefa fólki aukið val. Það hefur kannski verið skerpt á þessari sýn meðal annars með því að gera fleirum sjálfstætt reknum skólum kost á að starfa hér í borginni.

Nú, það er líka óhætt að segja það að það hafa verið innleiddar margar nýjar aðferðir í kennsluháttum sem byggja í meira mæli á upplýsingatækni, en allt þetta má auðvitað auka. Og það er alveg ljóst að sóknarfærin í menntamállum á næstu árum snúast auðvitað um það að nýta betur þá tiltölulega miklu fjármuni sem renna til menntamála í borginni. Öll framboð stóðu að því í sameiningu að auka framlög til menntamála í borginni og fjölga starfsmönnum sem starfa að menntamállum, mennta- og frístundamállum með ýmsum hætti. Nú er mikil áhersla lögð á það að efla innra starf skóla til að bæta menntun. Eitt mikilvægt atriði sem við þurfum að taka afstöðu til í þeim efnum er mat á skólastarfi, það er mjög stórt mál hvernig við stöndum til dæmis að námsmati í skólum – samræmdum prófum. Það voru miklar breytingar á þeim sem gagnrýnin umræða þarf að eiga sér stað um í borginni, hvort hafi verið af hinu góða og hvernig við stöndum að námsmati. Það er með skólana eins og annan rekstur við þurfum að hafa mælanleg viðmið til þessa að skera úr um það, hvort að skólastarfið sé að skila því sem að við teljum að það eigi að vera að skila og ekki síður að finna ef að það eru veikleikar í kerfinu, þá þarf að vera til tæki til þess að finna veikleikann svo það megi bregðast skjótt við og bæta úr þeim veikleikum.

Hvað varðar íþróttamál þá skilst mér að það muni bætast, það hefur ekki endanlega verið gengið frá þessari sóknaráætlun, mér skilst að það muni kafli hér við sem heitir *Samvera og útivist* eða eitthvað í þeim stíl og þá er auðvitað hægt að skerpa áherslurnar í íþróttamállum ef þörf er á því, en þar erum við auðvitað komin að mjög mikilvægum málaflokki. Það er auðvitað mjög mikilvægt að hér í borginni séu næg tækifæri til íþróttar og útivistar. Ég tel reyndar að

Reykjavíkurborg sé einhver besta borg í heimi með tilliti til útivistarsvæða. Hér held ég, ég hef þær tölur ekki tiltækar, en ég hef séð tölur um það að hér í Reykjavík er auðvitað hærra hlutfall græn svæði, útivistarsvæði heldur en í mjög mörgum öðrum borgum sem við berum okkur saman við. Spurningin hefur kannski verið sú eins og við höfum verið að gera að bæta þessi svæði koma þeim svona upp um flokk ef svo má segja mörgum hverjum og gera þau auðveldari til útivistar eða iðkunar einstakra íþróttagreina. Það hefur mikil áhersla verið lögð á það að byggja íþróttahús í Reykjavík og þau eru flest í toppnýtingu, en við þurfum líka að beina sjónum að því að leggja fleiri velli eða útbúa fleiri íþróttasvæði til íþróttaiðkunar úti við og að því er unnið.

Það er gaman að segja frá því að einmitt á sama tíma og menn hafa verið að vinna þessa áætlun á þeim tíma sem þessi svokallaða kreppa hefur geisad þá hefur hér orðið mikil heilsuvakning meðal almennings. Það er gaman að geta sagt frá því að það er meiri ásókn í starf hjá íþróttafélögum ekki síst í barna- og unglíngastarfi þeim fjölgar alltaf sem eru að sækja þar um. Það er eins og fólk taki þetta alvarlegar nú en áður að það þarf að ástunda hreyfingu, maður hefur það á tilfinningunni að margir foreldrar þeir hugsu meira um það nú en bara fyrir nokkrum misserum að börn þeirra eiga að vera í íþróttastarfi.

Við sjáum líka eflingu í almennings íþróttum. Á síðasta ári fjölgaði sundlaugargestum um 11% það var 11% aukning á milli ára og höfðu þá orðið reyndar svo mikil aukning mörg ár í röð að maður hélt að það yrði ekki á það bætandi. Þannig að það er að fjölga sundlaugargestum. Við vorum að sjá fram á stór fjölgun skíðaiðkenda á skíðasvæðum borgarinnar. Fjölgun í fjölskyldu- og húsdýragarðinum og fjölgun á þessum stöðum þar sem að fólk er að stunda holla útiveru, útivist og íþróttir, akkúrat þar sem við viljum sjá fólkið á tímum sem þessum. Og gaman er að nefna eitt dæmi bara í einum þekktasta íþróttaviðburði borgarinnar sem er gamlárshlaup Íþróttafélags Reykjavíkur sem endar hér hjá Ráðhúsinu það er kannski ákveðinn mælikvarði, þar er hlaupið á gamlársmorgun og það var hlaupið í frosti að þessu sinni sem yfirleitt verður til þess að draga úr þátttöku en þar varð 40% fjölgun þátttakenda á milli ára í þessu gamlárshlaupi og ég held að bara þetta dæmi segi ákveðna sögu um þann íþróttáhuga sem er í borginni eða áhuga á heilsueflingu. Það er alveg rétt það er kannski full ástæða til

að um slíka hluti sé fjallað í plaggi sem þessu og þá held ég að sóknaráætlun að þessu leyti í íþróttá- og útvistarmálum hún eigi þá aðallega að snúast um það að fá fólkið í útvistina, fá fólkið í íþróttamannvirkin.

Nokkur íþróttamannvirki eru á teikniborðinu hjá okkur. Mörg íþróttamannvirki í borginni eru mjög vel nýtt. En eins og ég gat um hér áðan, það hefur orðið fjölgun þátttakenda í mörgum íþróttamannvirkjum og það er gaman að geta sagt frá því að á sama tíma og það hefur verið hagrætt mikið hjá íþróttá- og tómstundaráði ekki síst í rekstri mannvirkja, hvort sem þau eru rekin af borginni eða einstökum íþróttafélögum þá hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda. Sem sagt við höfum náð að hagræða, við erum að reka mörg þessi mannvirki fyrir minni fjármuni, en þau eru að taka á móti fleira fólki heldur en áður og það er að ganga upp þó að það sé ekkert áreynslulaust og það er ágætt út af fyrir sig. En það fer auðvitað vel á því að skerpa á þessari hugsun hér í þessum umræðum og sjá hvernig við getum ennþá aukið virkni borgarbúa að þessu leyti, og fengið enn fleiri í þessa heilsueflingu og íþróttaiðkun í borginni.

Ég vil að síðustu segja það að ég hlakka til þess þegar að þessi sóknaráætlun verður samþykkt, hvort sem það verður á næsta fundi eða bráðlega. Ég held að það sé mjög gott að við eigum umræður um hana og getum þá lagað hana ef að þarf að laga. En ég held að þetta sé mjög gott plagg inn í umræðuna í borginni svona síðla vetrar því að nú finnst fólkinu í borginni það hafa átt svo lengi í efnahagserfiðleikum, ef ég man rétt þá stóð góðærið yfir í 14 eða 15 ár og maður finnur það hjá borgarbúum að því finnst alveg nóg að hafa verið 14 mánuði í kreppu, ef að svo má segja, og manni finnst allir vera að tala um það að nú vilji allir fara að sjá leiðir út úr erfiðleikunum. Ég held að sóknaráætlunin gæti verið gott byrjunarplagg í þeim efnum, ekki síst ef að ríkisstjórnin tekur þessa sóknaráætlun sem fyrirmynd í sínu starfi til að auka ekki bara borgarbúum heldur öllum landsmönnum bjartsýni um það sem framundan er.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu og þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vildi hnykkja á því hér að sjálfsögðu verður allt sem nýtilegt er notað inn í sóknaráætlun fyrir Ísland. Meðal annars sú greining sem þarna var gerð fyrir hartnær ári, ég vil þó undirstrika að það sem skiptir mestu máli varðandi öll viðbrögð við kreppunni er að stíga markvisst og hratt til verks og koma öllum verkefnum strax í framkvæmd. Það hefur ekki fylgt annars ágætu upphafi þessa verkefnis sem leiddi af tillöguflutningi hér í borgarstjórn og vil ég þess vegna undirstrika og brýna í raun meirihlutann í því. En ég kom þó fyrst og fremst hér upp vegna þess að mig hnykkti verulega við orðalagið sem að háttvirtur borgarfulltrúi notaði þegar að hann komst þannig að orði; „þessi svokallaða kreppa“, „þessi svokallaða kreppa“ og velti því aðeins fyrir mér hvort að hann væri ennþá innblásinn af því að hafa kynnt hina brýnu myndastyttugerð sem hann hefur staðið fyrir hér í borgarstjórn og afhjúpuð var í dag, sem að borgarstarfsmenn, foreldrar og leikskólar og aðrir hafa tekið á sig erfiðan niðurskurð til þess að eiga fyrir.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þessi svokallaða kreppa, þetta er vegna þess að ég tel ekki endilega að orðið kreppa eigi alltaf við. Til dæmis bara þó að það sé fjármálakreppa að það sé kreppa hér í fjármálalífínu, þá held ég að notkun orðsins, það geti verið svolítið niðurdrepandi í sjálfu sér ekki síst þegar við erum að blása til sóknar að nýju. Og þegar að ég fer um borgina þá sér maður að það er ekki kreppa alls staðar. Þegar að maður fer út í skóla borgarinnar þrátt fyrir að þeir hafi tekið á sig hagræðingu. Þegar að maður fer og heimsækir íþróttahús borgarinnar eða sundlaugar þá sér maður það að þrátt fyrir að allir standi með okkur í þessari hagræðingurvinnu þá eru mjög margir t.d. bara borgarstarfsmenn sem segja við mig; það er engin kreppa hjá okkur. Hér er mikið og öflugt innra starf. Það er að fjölga hérna sundlaugagestum, það er að fjölga á skíðasvæðunum, það er að fjölga í íþróttahúsunum þrátt fyrir að það sé kreppa í fjárhagslegum skilningi þá er ennþá bullandi góðæri í ýmsum öðrum skilningi og ég vil halda því til haga. Og ég tel að við borgarfulltrúar eigum að halda því á lofti í því góða starfi sem er unnið hér út um alla borg, þrátt fyrir að það mætti vera til meira af peningum.

Hvað myndastyttu varðar þá vil ég líka bara segja það, það má ekki gleyma menningunni þó að það sé kreppa, það má ekki gleyma menningunni, menningarsköpuninni. Og þessi styttugerð er bara hluti af því og ég bendi bara á það að þegar að sú ríkisstjórn sem nú situr tók við, þá man ég ekki betur en að hún hafi stórfjölgað listamönnum á launum. Sem sagt menn töldu ekki ástæðu fyrir því að draga úr listsköpun eða draga úr verkefnum þeirra sem starfa við menningu, þrátt fyrir að það væri fjárhagskreppa. Þessi stytta er mjög vel heppnuð, það var leiðinlegt að ég sá engan fulltrúa Samfylkingarinnar þegar að þessi stytta var kynnt, því að ef ég man rétt, þá lögðust fulltrúar Samfylkingarinnar gegn þessari styttugerð af fullum þunga, en tóku hins vegar mjög vel í styttugerð af öðrum manni sem var lagt til Helga Hóseassyni.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar á nýjan leik borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil nú þakka borgarfulltrúanum fyrir hreinskilnina því að mér leiðist að þurfa að minna hann á það að það var mjög mikill og hastarlegur niðurskurður í framlögum til allra menningarmála í borginni, Félagi listamanna, Borgarleikhússins, allra sjálfstæðra listhópa, allra nema myndastyttunar hans Kjartans Magnússonar. Verkefni sem er ágætt á góðæristíma en hefði mátt bíða. En ég kom nú eiginlega hér upp, til þess að í fyrra andsvari mínu, til þess að borgarfulltrúinn gæti leiðrétt sig, vegna þess að ég bara gaf mér að orð hans um þessa *svokölluðu kreppu* væru mismæli. En hér ítrekaði borgarfulltrúinn það að hann liti bara alls ekki þannig á að hér væri kreppa og þar er kannski komin skýringin á því að ítrekaðar tillögur okkar um það að taka nú til hendi í atvinnumálum virðast hafa verið fyrir nokkuð daufum eyrum. Þetta er nefnilega bara *þessi svokallaða kreppa* hjá Kjartani Magnússyni borgarfulltrúa sem vill ekki horfast í augu við það að hér er ekki bara tugir þúsunda atvinnulausir, hér eru ekki bara mjög mörg fyrirtæki í vandræðum, hér er ekki bara blikur á lofti og meira að segja fjárhagsáætlun borgarinnar gerir ráð fyrir met atvinnuleysi 11% á þessu ári, að þá er það bara *þessi svokallaða kreppa*. Og svo þegar að við erum að reyna að tala um þennan raunveruleika til þess að við getum tekið ákvarðanir til þess að bregðast við honum að þá er það bara kallað neikvæð-umræða, en það er raunsæi. Og það sem þarf til að bregðast við erfiðum tímum er raunsæi og raunverulegar ákvarðanir, raunverulegar aðgerðir en ekki eitthvað mæðarhjal, myndastyttur og tal um *þessa svokölluðu kreppu*.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Kjartan Magnússon: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég segi bara hvaða vitleysa, útúrsnúningur og orðhengilsháttur er þetta? Það sem ég var að draga fram í minni ræðu þar sem ég fjallaði sérstaklega um menntamál og íþróttamál, þá er ég að draga það fram að orðið kreppa ætti ekkert við á öllum sviðum þjóðlífsins. Orðið kreppa á til dæmis ekki við þegar að maður fjallar núna um íþróttastarfið í borginni, almenningsíþróttir, íþróttastarf barna og ungmenna og menntastarfið í borginni að mörgu leyti. Það má vel vera að það megi nota orðið kreppa um fjármálalífið og efnahagslífið, og við erum með þessari sóknaráætlun að leita leiða til þess að koma okkur útúr þeirri kreppu og hefja sókn á ný. En ég vil að það komi skýrt fram, og sú skoðun mjög margra starfsmanna borgarinnar og þeirra sem starfa í íþróttahreyfingunni til dæmis, það eru að berast hér stöðug skilaboð um aukna virkni borgarbúa á mörgum sviðum þar á meðal í íþróttum, tómstundastarfi og það er mikið og gott innra starf unnið í menntamálum. Þannig að ég var að draga það fram að við stjórnámamenn eigum ekki að vera niðurdrepanði og nota orðið kreppa í annarri hvorri setningu. Við eigum líka að tala um þau svið þjóðlífsins sem eru ekki beintengd fjármálastarfseminni sem vissulega er í kreppu þar sem að er mjög gott starf unnið og bara aðsóknartölur sýna að þeir þættir eru ekki í neinni kreppu. Við eigum sem stjórnámamenn að tala líka um það sem gott er. Við eigum að tala kjark í fólkið. Við eigum að fagna því að það eru ekki allir í þjóðlífinu í kreppu þar á meðal ekki íþróttir, tómstundir, menntun og menning.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir því að gera stutta athugasemd og samkvæmt 29. gr. samþykktu borgarstjórnar að þá getur forseti heimilað borgarfulltrúa sem þess óskar að gera stutta athugasemd ýmist um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða til að bera af sér ámæli. Og forseti ætlar að heimila borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni að gera stutta athugasemd sem er ein mínúta.

[Sjá skjal: Utan dagskrár III – Athugasemd um fundarsköp]

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta mál sem er hér til umræðu er sannarlega mikilvægt en ég ætla svo sem ekki að lengja umræðuna mikið. En það eru þó nokkur mál sem að ég held að sé rétt að koma hér að sem að hafa ekki komið alveg skýrt fram í umræðunni. Þegar að við ræðum umsóknarfæri Reykjavíkur á erfiðum tímum þá hljótum við að hafa allt undir og líka það hvernig við getum komið í veg fyrir eða dregið úr áhrifum efnahagslæggðar einhvern tíma í framtíðinni. Ekki bara hvernig við komumst upp úr þeirri sem við erum í núna heldur hvernig við gerum borgina þannig úr garði að það verði auðveldara fyrir fólk að athafna sig þegar að slíkt dynur yfir aftur sem það mun nær örugglega gera.

Ég tel að stór hluti lausnarinnar felist í því hvernig við byggjum borgina upp til framtíðar. Ég held að borgin sé að mörgu leyti of dýr í rekstri eins og hún er núna, eins og við höfum skipulagt hana og ég ræddi það hér í umræðum um fjárhagsáætlun og nefni það aftur hér, að ég held að við þurfum að skoða það hvernig við skipuleggjum borgina og byggjum hana upp til þess að hún verði í framtíðinni ódýrari í rekstri.

Sú stefna sem við höfum fylgt að byggja sífellt ný úthverfi austast í borginni er geysilega dýr stefna fyrir borgina vegna þess að það þarf að brjóta landið og leggja allar pípur og vegi og þess háttar, sem er auðvitað miklu dýrara heldur en að reyna að láta iðnaðarhverfi til dæmis inni í borginni ganga í endurnýjun lífdaga. Fjölmörg hverfi hafa verið nefnd í því samhengi, kannski aðallega höfðarnir, þar sem að hæglega gætu búið nokkur þúsund manns á stað sem er með allan infrastrúktúr til staðar þegar; rafmagn, hita, vatn og svo framvegis og eins helstu umferðaræðar. Þetta mundi vera miklu ódýrara fyrir borgina að gera heldur en að byggja algjörlega nýtt hverfi austast eins og núna er verið að gera við Úlfarsfellið. Og þegar talað eru um sóknaráætlun fyrir Reykjavík þá held ég að þetta hljóti að vera undir, virðulegi forseti.

En það er ekki bara dýrt fyrir borgina að skipuleggja með þessum hætti vegna þess að það er líka mjög dýrt fyrir borgarbúa. Í desember kom til dæmis skýrsla frá Hagstofunni um það hverjir væru helstu útgjaldaliðir heimilanna og sú skýrsla

kemur auðvitað fram af því að nú er kreppa og það er verið að kanna það hvernig útgjöld heimilanna eru. Og í ljós kemur að næst stærsti útgjaldaliðurinn er ferðakostnaður hér innanlands og aðallega innanbæjar. Sá útgjaldaliður er stærri heldur en matarkarfan, þó ræðum við klárlega miklu meira um það hvernig hægt er að lækka útgjöld vegna matarkörfunnar heldur en hvernig hægt væri að lækka útgjöld vegna samgangna. En það er þannig að þegar að borgin hefur verið skipulögð á tiltekinn hátt um árabíl jafnvel áratugaskeið þá er erfitt að snúa því við þegar að fólk er búið að flytja á stað þar sem eru slæmar almenningssamgöngur vegna þess að þetta er í dreifðri byggð, þannig að fólk vinnur kannski á sitthvorum staðnum og þarf að eiga tvo bíla, þá er ekki auðvelt að draga saman seglin.

Þannig að ég held að í sóknaráætlun fyrir Reykjavík þá hljótum við að horfa til þess að borgin verði byggð þannig upp að við gerum fólki kleift að lækka kostnaðinn við ferðir, rétt eins og við veltum fyrir okkur hvernig við getum lækkað kostnað við matarinnkaup, þótt sá málaflokkur sé ekki endilega á okkar könnu sem hér erum, en það eru ferðirnar svo sannarlega. Þannig að til þess, eins og segir í inngangi; að draga úr neikvæðum langtíma áhrifum efnahagsvandans þá held ég að þetta sé klárlega einn af stóru þáttunum. Og þetta gerum við auðvitað fyrst og fremst með því að þetta byggðina, með því að skipuleggja byggðina skynsamlega, með því að til framtíðar reyna að finna svæði sem að geta gengið í endurnýjun lífdaga og þar er ekkert eitt svæði rétt hærra heldur en önnur.

Við hljótum að skoða allt umhverfið, hvar við getum komið framtíðar Reykvikungum fyrir. Það held ég, ágæti forseti, að hljóti að vera besta sóknaráætlunin. Þá held ég að sé áhugaverð setning hér undir yfirskriftinni *Höfuðborgin* í þessari sóknaráætlun þar sem að segir; sem fyrsta lykilaðgerðin að þurfa að skilgreina höfuðborgarhlutverkið og leita eftir sátt um það. Það held ég að sé mjög mikilvægur punktur og ég held að, af því að hér á undan mér talaði borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon, þá hygg ég að hann hafi talað dálítið um þetta í tengslum við skoðun sína á Vatnsmýrinni og þar held ég að hann hafi rétt fyrir sér. Að við þurfum að skilgreina höfuðborgarhlutverkið og bera virðingu fyrir því, reyna að leita sátta við landsbyggðina um það hvernig við sjáum okkur hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, af hverju hér í þessum sal menn hafi ekki viljað

samþykkja tillögur um að festa flugvöllinn í sessi í Vatnsmýrinni og útskýra fyrir landsbyggðinni að það sé ekki vegna þess að við lítum ekki á okkur sem höfuðborg eða tökum það hlutverk ekki alvarlega. Reyna að fara yfir það málefnalega hvaða ástæður liggja að baki hjá okkur og leita sátta í þessu máli sem að hefur verið eins og gjá milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins í langan tíma. Þannig að þessi lykilaðgerð að skilgreina höfuðborgarhlutverkið og reyna að ná sáttum um það held ég að sé mikilvægur kaflí.

Við höfum kannski vanrækt þetta hér í Reykjavík og ég hef nefnt það nokkrum sinnum óformlega að kannski þarf Borgarstjórn Reykjavíkur hreinlega að fara í fundarherferð um landið eða borgarstjóri og útskýra okkar sjónarmið í þessu tilliti. Útskýra það hvað við teljum að felist í því að vera höfuðborg landsins og að hvaða leyti landsbyggðin hefur tilkall til þess að hafa sterkar skoðanir á því hvað við erum að gera hér, sem hún hefur vissulega að einhverju leyti, en líka í hverju okkur finnst að við eigum að hafa sjálfðæmi. Þannig að ég vildi, ágæti forseti, svona hnykkja á þessum litla punkti.

Þá hleyp ég yfir einn kafla og ætla að taka kaflann *Græna borgin* sem ég held að sé nokkuð merkilegur. Við höfum hér í borgarstjórn áður talað um einn þátt þessa sem er fyrst lykilaðgerðin, sem er að Reykjavík sækist eftir því að verða viðurkennd sem umhverfisvænsta höfuðborg Evrópu – *European Green Capital Award*. Þetta hefur þegar verið samþykkt hér og ég get tilkynnt borgarstjórn það að umsókn okkar eftir því að fá þessa viðurkenningu er þegar tilbúin og ég hygg að hún verði kynnt í borgarráði nú á fimmtudaginn og síðan send formlega út einhvern tíma eftir það. Næsta lykilaðgerð þarna er að setja fram tímasett markmið og aðgerðaráætlun um kolefnishreinar samgöngur í Reykjavík, þetta er mjög metnaðarfullt markmið. Samfylkingin hefur lagt fram álíka metnaðarfulla tillögu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur sem að beindist raunar einungis að samgöngum og þá um það að allar samgöngur verði vistvænar eða að helmingur allra bíla verði orðinn vistvænn árið 2020, ef ég fer rétt með þessa ágætu tillögu.

Sú tillaga hefur fengið framhaldslíf vegna þess að hún er núna til grundvallar starfi um rafbílavæðingu Reykjavíkur og fellur vel að þessari annarri lykilaðgerð hér að setja fram tímasett markmið og aðgerðaáætlun um kolefnishreinar samgöngur í Reykjavík. Þótt við notum þetta orðalag ekki alltaf, þetta er svona

svolítið annað orðalag heldur en við höfum notað hér í þessum sölum og í umhverfis- og samgönguráði, þá eru kolefnishreinar samgöngur auðvitað það sem er kallað [...] missions á ensku og bæði metangas og rafbílar mundu auðvitað falla undir þennan flokk. Hér er bara sagt að það eigi að setja tímasett markmið og aðgerðaráætlun, Samfylkingin sagði annar hver bíll árið 2020. Það var metið þannig í umhverfis- og samgönguráði að það væri óraunhæft markmið en það er kannski hægt að breyta því einfaldlega þannig að annar hver bíll sem að keyptur væri í Reykjavík á þeim tíma væri vistvænn, en fyrir væri þá kannski floti sem að menn eru að kaupa í dag. Það tekur um það bil 10 ár að endurnýja bílafloata í borg eins og menn þekkja. Þannig að þessi tvö markmið sem að hér eru efst í lykilaðgerðunum eru raunar þegar í framkvæmd og er auðvitað mjög ánægjulegt. Það er hins vegar rétt sem segir í formálanum að *Grænu borginni* – að þessum kafla að Reykjavíkurborg á mikil ónýtt tækifæri í þessum málaflokk og það er ánægjulegt hversu mikill samhljómur hefur verið um það í umhverfis- og samgönguráði og eins hér á vettvangi borgarstjórnar, þar sem að þessi málaflokkur kannski umfram aðra hefur verið unninn í mikilli sátt og ber að þakka minnihlutanum fyrir þroskaða umræðu í þeim efnum.

Það er önnur lykilsetning að mínu mati, forseti, í þessum inngangi vegna þess að þar kemur fram að þessi *Græna borg* – markmiðið með því að grænka Reykjavík sé fyrst og fremst að bæta lífsgæði í borginni og það held ég að sé punktur sem við eigum ekki að vanmeta. Að við getum raunverulega bætt lífsgæðin með því að leggja áherslu á þann málaflokk. Umhverfisvænar samgöngur til dæmis ganga ekki út á það endilega að sá sem að er í bílnum sé á umhverfisvænni bíl þótt það sé vissulega gott, heldur gengur þetta út á það að innan hverfanna geti menn ferðast á umhverfisvænan hátt til dæmis gangandi og hjólandi.

Kannanir sýna að ef að ferðalengdin sem menn eru að fara er undir kílómetra þá velur annar hver maður að fara gangandi eða hjólandi og ef lengdin er undir 2 kílómetrum þá velja um 40% að fara gangandi eða hjólandi. Og þetta er samkvæmt raunverulegri ferðavenjukönnun þar sem athugaðar voru raunverulegar ferðir, þannig að þetta er ekki fyrirætlanir fólks heldur raunverulega hvernig það ferðaðist. Og 2 kílómetrar er nokkuð löng vegalengd, þannig að við komum alltaf að sama punkti ágæta borgarstjórn að þéttari byggð – byggð þar sem menn búa

nær þeirri þjónustu sem þeir eru að sækja í hvort sem að það eru vinnustaðir, skólar, menningarviðburðir eða hvað það er, ef menn búa nær þá reyna þeir að fara með umhverfisvænum hætti þangað, ekki til þess að vera umhverfisvænir heldur vegna þess að það er þægilegast og hagkvæmast.

Næsti kafli og sá síðasti sem að ég ætla að gera að umtalsefni hér, ágæti forseti, eru skipulagsmálin sem ég raunar byrjaði á, vegna þess að ég held að ef við tökum réttar ákvarðanir í skipulagsmálum nú, þá getum við gert næstu kreppu sem við munum ganga í gegnum, hvenær sem hún nú kemur, bærilegri fyrir íbúa Reykjavíkur. Við þekkjum það að kreppan kom í heiminum einna fyrst til borganna, þar hrundu bankarnir, þar missti fólk störfin. En víða um heim byrjaði uppsveiflan líka í borgunum og það er auðvitað frægt að á miðri síðustu öld þegar að mikið atvinnuleysi reið yfir í Bretlandi þá stóð það beinlínis batanum fyrir þrifum að menn voru ekki tilbúnir til þess að flytja sig úr stað, menn vildu búa í sínum smá bæ og voru ekki tilbúnir að flytja í næsta bæ jafnvel þó að störfin væru þar, þannig að það hægir á batanum.

En í borgum þar sem að fólk er hreyfanlegra, þar sem að fleiri störf eru á minna svæði, þar sem að minna mál er að skipta um starf fara jafnvel í annan hluta bæjarins eða eitthvað slíkt, þar byrjar uppsveiflan venjulega fyrr. Þannig að þegar að við ræðum um það hvernig borgir geta brugðist við kreppu þá hljótum við að horfa til þessa og hljótum að leggja enn þyngri áherslu á það heldur en ella og heldur en að við höfum gert hingað til að skipuleggja byggðina með þeim hætti að hún auðveldi fólki að gera þetta. Hún auðveldi fólki að lifa ódýrar, geta losað sig við bíl, geta átt ekki bíl, ferðast með strætó, skera niður í ferðakostnaði. En of stór hluti borgarinnar hefur verið skipulagður þannig að menn geta hreinlega ekki losað sig úr þessum viðjum. Þetta er auðvitað langtíma verkefni eins og mörg af þeim málum sem eru í þessari ágætu sóknaráætlun. Þetta er ekki sem við gerum neitt til þess að hjálpa fólki útúr þessari kreppu, heldur skynsamleg ráðstöfun til framtíðar.

Ég vil að lokum, ágæti forseti, fagna þessu plaggi og raunar þeim bakplöggum sem að liggja hér að baki. Það eru mörg nýmæli í þessu og það er sérstaklega skemmtilegt að í plagginu eins og allir sjá sem að lesa það í gegn er notað annað orðfæri heldur en oft í þurrum skýrslum af þessum toga. Hér er talað um djörfung,

Bstj. 19. janúar 2010

hér er talað um hugrekki og fleira sem við sjáum venjulega ekki í bjúrókratískum skýrslum sem að skilað er fram. En ég held að þetta sé gott, ég held að þetta eigi að hjálpa okkur að hugsa fram á við og upp á við, og eins og segir á forsíðunni þá er hugsunin að vera skrefi á undan og þessir punktar sem að ég hef hér nefnt held ég að séu lykillinn að því að vera skrefi á undan næstu kreppu. Við vorum ekki skrefinu á undan þessari kreppu frekar en aðrir Íslendingar eða önnur sveitarfélög eða hvað þá ríkið, en við getum verið skrefi á undan í næstu kreppu og margt af því sem hér kemur fram er leiðin að því.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dofri Hermannsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla svo sem ekki að lengja þennan fund með langri ræðu um þetta mál, en mig langar til þess að byrja á að taka undir ummæli borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar sem hér talaði áðan um að sameiginleg viðbrögð borgarstjórnar, meirihluta og minnihluta, hefðu á margan hátt verið einstök um það hvernig tekið var á hrininu þegar að það varð hér haustið 2008. Og ég vil leyfa mér að segja að það hvernig hefur verið tekið á þessum málum í borginni ber í sér von um betri pólitík. Í borginni ákvað nefnilega minnihlutinn að starfa með meirihlutanum að ýmsum mjög vandasömum verkefnum eins og niðurskurði, axlaði ábyrgð með meirihlutanum á erfiðri forgangsörðun verkefna. Það er ólíku saman að jafna eða þeirri fjósbitapólitík sem að hefur verið stunduð hinum megin við Vonarstrætið, þar sem að minnihlutinn hefur notað sérhvert tækifæri til að þyrlla upp ryki, sá vantrausti og reiði og þvælast eins mikið fyrir björgunar- og endurreisnarstarfi meirihlutans eins og hægt er. Minnihlutinn á þingi er reyndar búinn að hrópa svo oft orð eins og svik, landráð og drápsklyfjar heima í stofu hjá landsmönnum að þessi orð eru algjörlega búin að missa alla merkingu. Þetta þýðir hins vegar ekki að við í minnihlutanum gagnrýnum ekki meirihlutann fyrir ýmislegt og það ætla ég reyndar að gera hér.

Sóknaráætlunin er ágætt plagg, en þegar að maður flettir því, sem að ég ætla að gera núna en gleymdi plagginu [fór að sækja plaggið í sæti sitt]. Þegar að maður flettir þessu plaggi, virðulegi forseti, þá vakna vissulega spurningar um það hvort saman fari orð og athafnir hjá meirihlutanum. Mig langar af því að mér eru atvinnumál og umhverfismál mjög hugleikin ekki síst á þessum tímum núna þegar að atvinnulífið á undir högg að sækja og ég veit að það er í því gríðarleg tækifæri að þróa grænan iðnað í heiminum. Þetta er falleg setning hérna *lykilaðgerðir í sambandi við atvinnulífið*, með leyfi forseta; horfa sérstaklega til uppbyggingar sem hvílir á margvíslegum leiðum í nýtingu hreinnar orku í atvinnulífi í Reykjavík. Þetta er falleg setning. Og í kaflanum um *Grænu borgina* þá eru aðrar fallegar setningar eins og til dæmis; *það á að setja tímasett markmið og aðgerðaráætlun um kolefnishreina samgöngur í Reykjavík*. Önnur setning er hér þessi: *Móta á auðlindastefnu Reykjavíkurborgar sem skilgreini auðlindirnar, forgangsörðun og nýtingarstefnu*. Og nú er leitt að borgarstjóri skuli hafa tölt út úr salnum, því að það væri einmitt gaman að hún væri viðstödd þessar umræður.

Á sama tíma og verið er að vinna þess áætlun, en hún var samþykkt í kjölfar tillögu Samfylkingarinnar 20. nóvember 2008, þá var samþykkt að fara í þessa vinnu hér, en hvað er verið að gera á sama tíma. Á sama tíma er verið að vinna þessa fögru áætlun um auðlindastefnu fyrir Reykjavíkurborg sem skilgreini auðlindir, forgangsröðun og nýtingarstefnu. Jú, þá er unnið og róið reyndar að því öllum árum að koma allri mögulegri virkjanlegri orku sem að Reykjavíkurborg hefur yfir að ráða í gegnum Orkuveitu Reykjavíkur í lóg hjá einum einasta viðskiptaaðila suður með sjó. Hér er ekki verið að hugsa um að skapa atvinnu fyrir Reykvíkinga. Hér er ekki verið að hugsa um að nota þá takmörkuðu auðlind sem að græn orka Orkuveitu Reykjavíkur í framtíðinni er, það er ekki verið að tala um það að búa til úr henni einhvers konar verðmæti, það er ekki verið að tala um að nýta hana í þágu grænnar orkustefnu, nei.

Og mig langar til þess að lesa upp úr fundargerð frá 3. febrúar 2009 sem er þá um 4-5 mánuðum eftir að það er byrjað að vinna þessa ágætu sóknaráætlun, þá er fundur hér í borgarstjórn þar sem eftir mikið þref er kominn til borgarstjórnar samningur Orkuveitu Reykjavíkur við Norðurál og um hvað fjallar sá samningur. Jú, hann fjallar um það að það á að ganga frá því í eitt skipti fyrir öll að semja við Norðurál um það að Norðurál kaupi alla þá orku af Orkuveitu Reykjavíkur sem sátt er um að virkja í fyrirsjáanlegri framtíð og reyndar gengið heldur lengra. Og mig langar til þess að lesa hér upp úr, með leyfi forseta, upp úr frestunartillögu sem að borgarfulltrúar Samfylkingarinnar lögðu þá fram en þar segir, með leyfi forseta:

Því verði beint til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að taka samninginn upp og sá frestur sem samningurinn veitir verði nýttur til að finna orkukaupendur vegna atvinnuuppbyggingar í Ölfusi, hann verði lengdur í eitt ár og rýmkaður þannig að einnig verði opnað á það að uppbygging geti átt sér annars staðar gangi hún ekki eftir í Ölfusi.

Tilvitnun lýkur

Þarna er verið að reyna að fresta því að við göngum frá því Reykvíkingar að koma allri þessari orku í lóg suður með sjó í iðnaði sem að virðist hannaður til að búa til eins fá störf og eins lítinn virðisauka í landi og möguleiki er. Þessi tillaga var að sjálfsögðu felld af meirihlutanum á sama tíma og hann vinnur að fallettri sóknaráætlun. Í bókun og mig langar að lesa aðeins, með leyfi forseta, úr bókun

Samfylkingarinnar um þetta, en hún rammar dálítið inn það sem ég vil vekja athygli á: „Samfylkingin harmar að ekki hafi verið fallist á tillögu hennar um að skapa aukið svigrúm til að leita hagkvæmari kosta í orkusölu og lýsir fullri ábyrgð á hendur meirihlutans á þeirri stöðu sem upp er komin.

Gangi samningurinn eftir bindur hann alla orku sem nú er sátt um að virkja hjá Orkuveitu Reykjavíkur, 5. og 6. áfanga á Hellisheiði, virkjun í Hverahlíð og Gráuhnjúkum, auk þess sem samningurinn felur í sér viljayfirlýsingu um 75 MW til viðbótar og óvíst er hvaðan sú orka á að koma. Verði sú raunin bindur samningurinn nánast alla fyrirsjáanlega orku næstu áratugi við eitt álver. Mikil áhætta fylgir því að öll raforkusala stórnotenda sé háð heimsmarkaðsverði á áli og óvissu um þróun alveg sérstaklega í ljósi þeirra efnahagsumbrota sem nú eru í heiminum. Einnig er hætta á því að önnur vænlegri tækifæri en álbræðslur sem geta skapað fleiri og fjölbreyttari störf gangi okkur úr greipum“. Tilvitnun lýkur.

Mér finnst, forseti, að hér fari ekki saman orð og athafnir. Ég held að á þessum tímum sem að við lifum núna þá verðum við að reyna allt það sem hægt er til þess að skapa sem flest störf úr þeirri takmörkuðu orku sem að við höfum yfir að ráða. Það væri gaman að fá einhver viðbrögð frá meirihlutanum, allra helst borgarstjóra, um það hvernig hún sér það fara saman að vera búin að lofa allri nýtanlegri orku Orkuveitu Reykjavíkur í fyrirsjáanlegri framtíð og ætla svo að búa til metnaðarfulla stefnu um græna orkunýtingu eftir það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Sú sóknaráætlun sem við erum hér með til umfjöllunar í Borgarstjórn Reykjavíkur í dag er afurð langrar vinnu hér á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur. Tillaga sem var samþykkt samhljóða hér í Borgarstjórn Reykjavíkur er í raun og veru á grunni aðgerðarhópsins og þeirrar aðgerðaráætlunar sem borgarstjórn samþykkti í október 2008 sem við höfum unnið markvisst að síðan. Þá gerðum við okkur í raun og veru grein fyrir því að til þess að við gætum haldið áfram með þá aðgerðaráætlun sem við náðum svo góðri samstöðu um þá þyrftum við að taka þetta skrefinu lengra og horfa til lengri framtíðar. Vegna þess að auðvitað var sú áætlun sem við samþykktum í lok árs 2008, áætlun sem byggði á algjörlega nýrri sýn fyrir Ísland og nýrri stöðu sem upp var komin í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Ég held að sú umræða sem hér hefur farið fram í dag lýsi góðum vilja borgarfulltrúa allra flokka til þess að leggja sitt af mörkum til þess að standa að fullu að baki þessarar sóknaráætlunar sem hér er uppi og vilja til þess að sjá einhvern árangur verða af því.

Nú í þessari sóknaráætlun eru kynntar svona 35 lykilaðgerðir til sóknar fyrir Reykjavíkurborg til næstu 5 til 15 ára og saman mynda þessar aðgerðir sóknaráætlun fyrir borgina. Með aðgerðunum er reynt að draga úr neikvæðum langtímaaðgerðum efnahagsvandans sem samfélagið glímir nú við með því að horfa á tækifæri sem borgin hefur á ýmsum sviðum. Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram að byggja upp til framtíðar um leið og við leysum vandamál nútíðarinnar, þannig verður borgin sterkari og öflugri á eftir.

Eins og fram kom hjá mér áðan að þá er náttúrulega bakgrunnur þessarar sóknaráætlunar aðgerðaráætlunin okkar. Og í upphafi var talað um að við mundum undirbúa þessa sóknaráætlun vegna þeirra verkefna sem borgin stendur frammi fyrir í ljósi breytinga í efnahagssumhverfinu og til undirbúningsins yrði skipaður starfshópur sem hefði það hlutverk að kortleggja tækifæri borgarinnar til nýsköpunar og vaxtar á næstu árum og skal hann vinna á þeim grundvelli hugmyndir um það hvernig höfuðborgin hyggst mæta nýjum áskorunum. Markmiðið með sóknaráætlun verður að móta stefnu til framtíðar um hvernig best verði tryggt að Reykjavík verði ávallt í forystu hvað varðar lífsgæði fyrir

borgarbúa og verði fyrsti valkostur fólks og fyrirtækja. Og yfirskrift þessarar sóknaráætlunar okkar er að vera skrefi á undan. Ég held að Borgarstjórn Reykjavíkur hafi tekist það að vera skrefi á undan í sóknaráætlun, ekki bara fyrir Reykjavík heldur líka fyrir Ísland. Og sú ágæta áætlun sem ríkisstjórnin stendur núna fyrir, sóknaráætlun fyrir Ísland er að töluverðu leyti byggð á grunni þeirrar sóknaráætlunar sem hér hefur verið unnin og er hér til umfjöllunar. Markmið sóknaráætlunarinnar er að móta stefnu til framtíðar um hvernig best verði tryggt að Reykjavík verði ávallt í forystu hvað varðar lífsgæði fyrir borgarbúa og verði fyrsti valkostur fólks og fyrirtækja til að lifa hér og starfa.

Það voru ákveðnar lykilspurningar sem farið var yfir við gerð þessarar sóknaráætlunar sem var nauðsynlegt og mikilvægt að fara yfir og reyna að greina með hvaða hætti við mundum nálgast verkefnið. Og ein af þeim spurningum er hvert er mikilvægi framtíðarsýnar og gilda í þeim aðstæðum sem nú eru uppi. Það var tekinn góður tími í að fara yfir það og skoða það og margar ágætar hugmyndir sem komu upp. Einnig var spurt hvernig Reykjavíkurborg gæti forðast þær mögulegu ógnanir sem standa í vegi fyrir velgengni til framtíðar. Og ég held að Reykjavíkurborg hafi í raun og veru bæði í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 og núna fyrir árið 2010 sýnt að við þessar aðstæður þá er það fyrsta skref og fyrsta aðgerð, það er að taka til í rekstrinum hjá sér. Það höfum við gert á grundvelli aðgerðaráætlunarinnar um að standa vörð um störf fastráðinna starfsmanna, standa vörð um grunn þjónustuna, hækka ekki gjaldskrár og fara í verklegar framkvæmdir til að halda úti og uppi atvinnustigi við þessar aðstæður.

Við hagræddum í Borgarstjórn Reykjavíkur og í borgarsjóði á árinu 2009 um rúma 5 milljarða kr. Fyrir árið 2010 er stefnan á hagræðingu upp á 3,5 milljarða. Allar okkar áætlanir fyrir árið 2009 stóðust og ég er vongóður um það að áætlanir okkar fyrir árið 2010 gangi eftir líka. Þetta eru sem sagt eins og ég sagði áðan rúmir 5 milljarðar 2009, 3,5 milljarðar 2010 og þetta er fyrir utan það að enginn rekstur borgarinnar hefur fengið verðbætur á þessum 2 árum. Þessu til viðbótar er hægt að segja það að handbært fé Reykjavíkurborgar er um 13 milljarðar kr. Ef við hefðum ekki farið í þessar hagræðingaraðgerðir á síðasta ári og því ári sem nú er að hefjast að þá mundi í raun og veru eigið fé Reykjavíkurborgar eyðast upp á 2-3 árum. Okkur hefur tekist að standa vörð um lausafjárstöðuna með

hagræðingaraðgerðunum auk þess að halda uppi fullri þjónustu og fara í þær framkvæmdir sem uppi eru á höfuðborgarsvæðinu núna.

Og það verður að segjast eins og er að ef ekki kæmi til þær byggingaframkvæmdir sem Reykjavíkurborg stendur að á þessum tíma þá væru í raun og veru engar framkvæmdir í gangi á höfuðborgarsvæðinu. Það er hlutur sem nágrannasveitarfélögin þurfa að taka til sín, skoða með hvaða hætti þau geta komið inn á þetta mikilvæga verkefni líka og að sjálfsgöðu ríkisvaldið líka. Ég held að grundvallaratriði og grundvallarforsenda fyrir því að borgarstjórn Reykjavíkur geti verið í verklegum framkvæmdum við þessar aðstæður er í raun og veru sú grundvallar kerfis- og skipulagsbreyting sem við gerðum á fjármálastjórn borgarinnar með því að skipta rekstrinum upp í aðalsjóð annars vegar og eignasjóð hins vegar. Og í stuttu máli þýðir það að við erum með allan almennan rekstur inni í aðalsjóðnum en við erum með allan fasteignarekstur og framkvæmdir inni í eignasjóðnum.

Það var þannig hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að þegar menn gerðu fjárhagsáætlun og stóðu frammi fyrir því að loka fjárhagsáætlun án þess að henni yrði lokað gati að þá var það svona auðvelda leiðin í þeirri vinnu að skera niður í framkvæmdum til að ná réttu niðurstöðu tölunni. Það hins vegar gat haft það í för með sér að það þýddi minni tekjur fyrir borgarsjóð á árunum sem að eftir komu, kannski einu, tveimur, þremur árum síðar. Núna erum við búin að aðgreina þennan rekstur, erum með almenna reksturinn sér þurfum að taka hagræðingu þar á meðan að við getum horft til framtíðar og fjárfest til framtíðar.

Önnur spurning sem við spurðum okkur í þessari sóknaráætlun hvernig borgin gæti best nýtt þau tækifæri sem gefast þrátt fyrir óvissa stöðu og þrengingar í ytra umhverfi og þar kemur margt til. Við erum að sjá núna í raun og veru sprotafyrirtæki, innlenda atvinnustarfsemi, verðmætasköpun á innlendum vettvangi vera að ná alveg nýjum hæðum eftir að gengisskráningin breyttist og var með þeim hætti sem hún er í dag. Það er hlutur sem Borgarstjórn Reykjavíkur og allir aðrir aðilar verða að skoða með hvaða hætti við getum nýtt okkur þá stöðu sem er að valda okkur gríðarlegum erfiðleikum á sumum sviðum en getur skapað tækifæri á öðrum. Við spurðum líka hver sóknarfærin væru hvar sérstaða okkar lægi í samkeppni við aðrar borgir um fólk, fjármagn og fyrirtæki.

Ég held að Ísland hafi að mörgu leyti ekki nýtt sér alltaf þá hnattrænu stöðu sem við höfum milli austurs og vesturs. Um miðja síðustu öld var Ísland hernaðarlega mjög mikilvægt svæði og við nutum þess á sinn hátt. Það hefur breyst. En ég er sannfærður um það að viðskiptalegt mikilvægi Íslands út af hnattrænni stöðu er mikið og hefur alltaf verið mikið og er hugsanlega að aukast ennþá meira. Ég get nefnt sem dæmi að siglingaleiðin norður fyrir heimskautsbaug er að opnast, þar þurfum við að standa vaktina, vera tilbúin til þess að mæta þeim tækifærum sem að þar kunna að bjóðast og á fjölmörgum öðrum sviðum þurfum við að horfa til þessara þátta. Við höfum samninginn um evrópska efnahagssvæðið – höfum við nýtt hann sem skyldi til þess að tengja saman viðskipti stóru viðskiptablokkanna og annað í þeim dúr sem við þurfum að skoða sérstaklega núna við þessar aðstæður.

Sóknarfærin þau þurfa líka að liggja í almennum, einföldum og gagnsæjum leikreglum. Það er til dæmis ekki gott fyrir borg eins og Reykjavík sem vill markaðssetja sig á alþjóðlegum vettvangi að kalla til alþjóðleg fyrirtæki til Íslands þegar að skattaumhverfið er með þeim hætti sem nú er. Þegar verið er að hækka skatta og álögur á fyrirtæki og einstaklinga á öllum sviðum samfélagsins, það eitt og sér þyrfti að vera markmið ríkisstjórnarinnar að halda hér uppi lágum sköttum, opnum og gagnsæjum leikreglum til þess að þeir sem horfa til Íslands sjái að hér sé gott að fjárfesta. Staðan eins og hún er í dag með ákveðinni pólitískri óvissu er ekki til þess fallin að laða hér að erlenda fjárfesta. Það er stundum sagt að hjálpin komi að ofan og það er kannski orðið langt síðan að menn vitnuðu til þess og ég held að við eigum að umorða þetta við þessar aðstæður þannig, að hjálpin komi kannski ekki að ofan en kemur klárlega að utan. Við eigum að horfa til alþjóðasamfélagsins við þessar aðstæður sjá hvað við höfum upp á að bjóða fyrir alþjóðleg fyrirtæki og með hvaða hætti við getum laðað þau til okkar og það gerum við með þessum einföldu, almennu, gagnsæju leikreglum.

Sem höfuðborg Íslands á Reykjavík að vera brimbrjótur í margvíslegum skilningi sem frumkvöðull, móttökustaður erlendra gesta, miðstöð stjórnsýslu, mennta og menningar svo fátt eitt sé talið. Nauðsynlegt er að borgarhlutverkið sé vel skilgreint og að sátt ríki um það hvernig Reykjavíkurborg ber að rækja það innan og utan Íslands. Til dæmis staða Faxaflóahafna og hlutverk þeirra í því og ég

nefndi opnun siglingaleiðarinnar norður fyrir heimskautsbaug að þá eru mörg önnur tækifæri fyrir Faxaflóahafnir til þess að koma að atvinnuuppbyggingu og atvinnusköpun í landinu.

Þegar Borgarstjórn Reykjavíkur tók þá umdeildu ákvörðun að halda áfram með Tónlistar- og ráðstefnuhúsið þá var það gert á forsendum Reykjavíkurborgar. Það var gert með öðrum forsendum en kannski á forsendum ríkisins. Við lítum svo á að hafnarbakkinn Austurhöfnin sem Tónlistarhúsið rísi á og hafnarsvæðið allt sem núna hefur verið rammað inn í nýrri hugmyndasamkeppni um skipulag gömlu hafnarinnar sé lykiluppbyggingarreitur í framtíð Reykjavíkurborgar. Og þó að mönnum þyki miklir fjármunir fara í byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins þá eru líka mörg tækifæri sem liggja í því svæði fyrir Reykjavíkurborg umfram það sem það er kannski fyrir ríkið.

Önnur uppbygging á því svæði mun skila Reykjavíkurborg miklum tekjum í forni fasteignagjalda auk þess sem allur atvinnurekstur á að geta blómstrað á þessu svæði. Og við settum það inn í þetta nýja samkomulag um Tónlistar- og ráðstefnuhúsið að ein af forsendum fyrir því að við værum tilbúin til þess að halda áfram í þeirri framkvæmd væri meðal annars að opna fyrir og koma fyrir viðlegukanti fyrir skemmtiferðaskipin í miðborg Reykjavíkur. Við teljum að það sé mjög mikill munur á því hvort að við tökum á móti erlendum ferðamönnum í miðborg Reykjavíkur eða hvort að við skipum þeim upp með gámum, korni og öðrum vörum inni í Sundahöfn Reykjavíkur þar sem að stærsti hluti ferðamannanna fer beint í rútur og fer austur á Gullfoss og Geysi og kannski beinleið burt úr höfuðborginni. Við sjáum fyrir okkur að skemmtiferðaskipin komi í miðborg Reykjavíkur þar fari ferðamennirnir út og glæði borgina og miðborgina lífi, versli í sérverslununum og á veitingahúsunum, þannig að hér myndist veruleg verðmætasköpun af þessum skipakomum meira fyrir Reykjavík heldur en verið hefur á undanförunum árum.

Ég gleymdi að minnst á það þegar að ég nefndi hér mikilvægi þess að leikreglurnar væru opnar, gagnsæjar og skýrar. Ég og borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir við höfum verið í heimsóknum hjá fyrirtækjum í borginni meðal annars hugbúnaðarfyrirtækjum. Þau segja við okkur að ástæðan og megin ástæðan fyrir velgengni þeirra sé sú að þau eru á engan hátt háð opinberri stjórnsýslu. Hér

sé ekkert hugbúnaðarráðuneyti, hér sé engin leyfisskyld starfssemi á þeirra vegum til þess að starfa á vettvangi hugbúnaðar og í því liggi í raun og veru velgengnin. Ef hugmynd sem upp kemur í hugbúnaðargeiranum sem snýr að einhverju leyti að því að það þurfi opinbera leyfisveitingu til þess að hún nái fram að ganga þá er það einfaldlega ekki góð hugmynd. Og þetta eru skýr skilaboð til stjórnvalda, bæði í sveitarstjórnnum og í landsstjórn, að hafa leikreglurnar þannig að fyrirtækin vilji starfa við þær aðstæður. Og ég held að þetta sé þörf áminning til þeirra sem fara með löggjafavaldið og framkvæmdavaldið, hvort sem það er á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga til þess að huga að þessu. Ég verð að segja að mér brá þegar að ég heyrði þessa fulltrúa segja að leiðin til árangurs væri það að haga sínu starfi þannig að það hefði sem minnst að gera undir opinbera ákvarðanatöku.

Það þarf að skilgreina höfuðborgarhlutverkið og leita eftir sátt um það. Og talandi um sátt í íslensku samfélagi og íslenskum stjórnámálum að til þess að sáttin náist að þá þarf hún að byrja í stjórnámálunum. Sáttin þarf að vera fyrst í pólitíkinni til þess að sáttin nái út í atvinnulífið og út í samfélagið. Það höfum við verið að reyna í Borgarstjórn Reykjavíkur að skapa sátt, kalla sem flesta að borðinu og þessi sóknaráætlun sem hér er kynnt hún er gott dæmi um það. Nú síðan þarf að auka samstarf við ríkið og bæta skilning þess á hlutverki Reykjavíkur meðal annars með því að koma á formlegum samstarfs- og samráðsvettvangi ríkis og borgar í öllum helstu málaflokkum, svo sem eins og skipulagsmálum, umhverfismálum, menntamálum og fleira.

Í þessu sambandi held ég að við þurfum að endurskoða algjörlega hlutverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Alltof lengi hafa samskipti ríkis og sveitarfélaga verið með þeim hætti að það er eins og samskipti húsbænda og hjúa, og þá er yfirleitt hlutskipti sveitarfélaganna hlutskipti hjúanna. Þessu þarf að breyta þannig að sveitarfélögin séu tekin og virt sem annað stjórnsýslustig í íslensku samfélagi, þannig að framkvæmdavaldið liggi meira á sveitarstjórnarstiginu og löggjöfin skýrar í landsstjórninni. Og ég held að þetta ættu menn að hafa í huga ekki síst þegar að menn velta fyrir sér nýrri stjórnarskrá fyrir Ísland, að horfa meira til sveitarstjórnarstigsins í þeirri framtíðar músík sem þar þarf að finnast staður. Vegna þess að sveitarstjórnarstigið er það stjórnsýslustig sem er næst fólkinu og það ber að virða og efla og ekki gera það

með þeim hætti að menn séu að tala um verkaskiptingu, verkefnatilflutning frá ríki til sveitarfélaga heldur sé þar um algjörlega uppstokkun á hugmyndafræði að ræða.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi það kom sér saman um ákveðna áætlun í sambandi við sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi. Þau segja; við erum tilbúin að sameina öll sveitarfélög á Austurlandi ef við fáum þá bara allan pakkann. Ef við fáum skatttekjurnar, ef við fáum úthlutunarvaldið á fiskveiðiheimildunum, ef við fáum það vald sem okkur ber til þess að standa hér straum af stóru öflugum og vel reknu sveitarfélagi þá þurfum við að hafa í raun og veru alla þá „resourca“ sem við þurfum.

Framtíðarfólkið, börnin okkar og framtíðin í landinu var líka sérstakt verkefni í sóknaráætluninni og við þurfum þar að auka val í skólastarfi og undirstrika fjölbreytni og gagnrýna hugsun. Það hefur borgarstjórn Reykjavíkur gert meðal annars með leyfisveitingu fyrir nýja einkarekna grunnskóla sem hefur talsvert verið gagnrýnt hér í Borgarstjórn Reykjavíkur kannski ekki síst í ljósi þess að á þessum tíma erum við að fara fram á heilmikla hagræðingu inni í skólakerfinu og menn telja að minni einkareknir skólar séu kannski ekki hagstæðustu rekstaraeiningarnar. Þess vegna þurfum við að opna okkar eigið skólakerfi með þeim hætti að þar fái nýjar hugmyndir að njóta sín, það þurfi í rauninni ekki alltaf að vera einkarekstur sem komi til þess að góðar hugmyndir geti fengið brautargengi.

Þessu þurfum við að huga að, auka sjálfstæði grunnskóla og gera okkar góðu skólastjórnendum kleift að koma fram með nýjar hugmyndir og forma skólastarfið með þeim hætti sem þeir telja að sé best. Síðan þarf að leggja áherslu á atvinnuuppbyggingu í borginni sem krefst góðrar menntunar, sérþekkingar og hugvits og verður þar með öflugur hvati til uppbyggingar. Maður veltir því líka fyrir sér í sóknaráætlun sem þessari hvar verðmætasköpunin á að vera. Þegar að maður er búinn að starfa í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar í jafnlangan tíma og ég hef gert og ég hugsa hvar liggur verðmætasköpunin hjá Reykjavíkurborg, hver er það hjá Reykjavíkurborg sem er að huga að því hvernig við aukum verðmætasköpun. Hvað gerum við til þess að auk tekjur, auka atvinnu. Hvað gerum við í verðmætasköpun hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og í stjórnsýslunni.

Og því má held ég svara að á einhvern hátt eru allir í því eða kannski að sama skapi líka er enginn neitt sérstaklega í því. Og að þessu þurfum við að huga og við gerum ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 að það verði veitt sérstöku fjármagni til atvinnuþróunar og hugmynd hefur komið upp um það að endurvekja hugsanlega Aflvaka Reykjavíkur til þess að halda utan um og huga að þessu mikilvæga máli, vegna þess að þetta er þáttur í grunnþjónustu borgarinnar sem að við þurfum að huga að og ekki gleyma þegar vel gengur, vegna þess að það skellur á okkur þegar að samdráttur verður eins og núna. Það er enginn einn þáttur í okkar stjórnkerfi sem er að taka á þessum þáttum. Nú, *Græna borgin* var sérstakt umfjöllunarefni í sóknaráætluninni og þar þurfum við að huga sérstaklega að almenningssamgöngum, það hefur ekki tekist hjá Reykjavíkurborg eða okkar nágretta sveitarfélögum að byggja upp öflugt almenningssamgöngukerfi. Öll okkar sem ferðumst til útlanda þá byrjum við strax á því að kynna okkur almenningssamgöngurnar og ferðast samkvæmt þeim, en þegar að við erum komin heim til okkar aftur að þá tekur annað við. Og ég held að þetta sé bara hlutur sem að allir þurfa að setjast yfir. Það er að mörgu leyti erfiðara fyrir Reykjavíkurborg að taka á almenningssamgöngunum eftir að við stofnuðum Strætó bs. vegna þess að áherslur nágretta sveitarfélaganna til almenningssamgangna eru aðrar heldur en í Borgarstjórn Reykjavíkur og það er í raun og veru sérstakt viðfangsefni næsta kjörtímabils að fara yfir það með hvaða hætti við getum bætt úr þessu. Það jákvæða í þessu er að rekstur Strætó bs. hefur gengið betur núna heldur en mörg undanfarin ár, en betur má ef duga skal.

Nú, við þurfum líka að huga að hlutverki og forystu Orkuveitu Reykjavíkur í markmiðum um *Grænu borgina* þar höfum við algjöra sérstöðu, þar fer fram áætlun um rafbílavæðingu og nýtingu metangassins og þar eru í raun og veru mikil og góð sóknarfæri fyrir okkur til þess að huga að. Nú það má líka nefna hér hjólreiðaáætlun sem er á dagskrá borgarstjórnar hér seinna á fundinum og fleira í þeim dúr sem lýtur að grænum samgöngum sem byggir undir þá sýn okkar að gera borgina okkar grænni heldur en hún hefur verið. Kröftugt og skapandi atvinnulíf er grunnur að líflegri borg og skilyrði fyrir því að ungt fólk kjósi Reykjavík sem framtíðarheimili sitt. Reykjavíkurborg þarf að vera með markvissum hætti að stuðla að því að atvinnulífið í borginni sé bæði verðmætaskapandi og drífandi í átt til þeirrar framtíðarsýnar sem borgin mótar. Til að svo megi verða er nauðsynlegt

að móta metnaðarfulla atvinnustefnu þar sem kappkostað er að örva tengsl Háskóla og atvinnulífs. Hvetja til samkeppni á flestum sviðum og auka fjölbreytni í atvinnumálum. Borgin þarf jafnframt að byggja sterka innviði og reka skilvirkt stjórnkerfi sem sinnir vel samstarfi og atvinnuuppbyggingu. Og það er líka mikilvægt í sóknaráætlun eins og þessari að horfa til menningarmálanna. Ég held að Reykjavíkurborg sé í mikilli sókn og mikið forystusveitarfélag þegar að kemur að menningarmálum og þess sjást merki á öllum hliðum borgarsamfélagsins.

Nokkrar lykilaðgerðir sem við nefndum í þessari sóknaráætlun er að gera sögu- og menningararf Reykjavíkur mun sýnilegri meðal annars með markvissri húsvernd og endurbótum, merkingum, viðburðum og áherslum á sögutengda menningarstarfsemi. Og það er gaman að geta sagt frá því hér í borgarstjórn í dag að lítið verkefni hefur farið mjög vel af stað hjá okkur í Borgarstjórn Reykjavíkur sem tengist menningararfleið og endurgerð gamalla húsa og það er í raun og veru verkefni sem sprettur upp úr aðstæðum sem við þekktum ekki áður, atvinnuleysi í byggingariðnaði og í raun og veru þess að við höfum ekki staðið nógu vel að endurgerð gamalla húsa og í raun og veru lítið á hús sem illa eru farin vegna lítills eða lélegs viðhalds og þau eru rifin og ný byggð í staðinn. Það hefur orðið í raun og veru grundvallarbreyting í þessu sjónarmiði og þeir sem lengi hafa talað fyrir húsvernd að sá hópur hefur stækkað og nú er í raun komin upp framkvæmdaáætlun fyrir húsvernd í borginni.

Það er gaman fyrir mig að geta sagt frá því að formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hann er að mörgu leyti frumkvöðull að þessari stefnu að byggja upp fornminjar ef svo mætti segja til þess að halda úti menningararfinum og gera Reykjavíkurborg og miðborg hennar að þeirri borg sem hún var og gera hana áhugaverða fyrir bæði Íslendinga, innlenda ferðamenn og ekki síður erlenda. En *Völundarverkið* fer vel af stað og það má eiginlega segja það að þar liggja sóknarfæri okkar Íslendinga líka að vegna smæðarinnar þá getum við verið fljót að bregðast við og fljót að fylgja eftir og framkvæma þær áætlanir og þá stefnumótun sem við leggjum upp með. Það er í raun og veru ekki nema tíu mánuðir síðan að hugmyndin um *Völundarverk* varð til og það var í mars eða apríl á síðasta ári, þá kom til okkar sænskur húsfríðunarmaður, Kristin Gústavsson, sem stýrði Hallandverkefninu í Svíþjóð í kjölfar bankakreppunnar

sem þar varð. Það verkefni tókst það vel að það hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu og er starfandi víða í Austur-Evrópu og meðal annars á Ítalíu og þetta verkefni og þessa hugmynd tókum við hér yfir. Og eins og ég segi opnuðum við fyrsta námskeiðið í október, hugmyndin varð til í mars eða apríl og við náðum að kalla til þennan sænska ráðgjafa, undirbúa námskeiðið og setja það af stað í byrjun október. Og núna er þessu fyrsta námskeiði að ljúka með endurgerð á Lækjargötu 2, Norðurpólnum, Gröndalshúsi og svo eru næstu verkefni á eftir og verður verkefni á næsta námskeiði Laugavegur 4 og 6 og áframhald þeirra húsa sem ég nefndi hér. Og það segir okkur það að vegna smæðar okkar að þá getum við í raun og veru látið góðar áætlanir og góð verkefni verða að veruleika á ótrúlega stuttum tíma.

Nú gera skal ríkar kröfur til menningarstofna Reykjavíkurborgar um að þær séu í fararbroddi í íslensku menningarlífi. Einnig að stuðningur við listalífið endurspegli ábyrgð Reykjavíkur sem höfuðborgar og alþjóðlegrar menningarborgar. Eins þurfum við að huga að íbúalýðræði og virkni íbúanna í okkar samfélagi og það erum við að reyna með íbúakosningu um einstök verkefni úti í hverfum, hugmyndapings og öðru slíku sem hefur í raun og veru tekist ótrúlega vel. Og ég tel að sú tilraun sem við höfum verið að gera á þessu sviði sé að heppnast það vel að við munum taka hana lengra við gerð fjárhagsáætlunar næstu ár og munu vinna það frekar.

Ég vil að lokum ágætu borgarfulltrúar og aðrir tilheyrendur nota tækifærið og þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið í Borgarstjórn Reykjavíkur um þessa sóknaráætlun. Og ef við notum líkingu úr íþróttum eins og þessi áætlun gerir, þetta er sem sagt áætlun til sóknar, þá verðum við líka að hafa í huga hvenær rétti tíminn er fyrir sóknina. Við vitum ekki fyrir víst núna hvar við erum stödd í hruninu, erum við í miðri skriðunni eða sjáum við fyrir endann á því. Höfum við fast land undir fótum til þess að hefja sóknina, það vitum við ekki. Vonandi er svo komið að við getum hafið sóknina á ný, en hvenær svo sem það verður að sóknin geti hafist, þá hefur Reykjavíkurborg gert sína sóknaráætlun sem verður leiðarljós til framtíðar þegar tækifæri gefst.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Sóknaráætlun borgarinnar – þetta hefur verið virkilega jákvæð vinna og gaman að taka þátt í henni. Mig langar aðeins að gefa innsýn inn í þessa vinnu og hvernig við höfum unnið þetta, því að það er bara svo gaman að segja frá því. Þetta var svona nýtt fyrir mér og held ég fyrir flestum borgarfulltrúum og auðvitað yfirmönnum hér hjá borginni sem að tóku þátt í svona fyrstu skrefunum sem að var stór fundur þar sem við vorum að vinna í ákveðnum sviðsmyndum. Sviðsmyndirnar voru fjórar - þær voru; þorpið, gróðurhúsið, skerið og spilaborgin og við vorum að setja okkur inni í huganum hvernig við sæjum fyrir okkur Reykjavíkurborg 2020 til dæmis og hvernig við síðan ætluðum að feta þá leið að vera á þeim stað sem að við hefðum áhuga á.

En þorpið var svona dæmi um íslenskt samfélag sem hefði einangrast á margan hátt, þar væri ótraustur gjaldmiðill, íþyngjandi skuldir að sliga samfélagið og samskipti við önnur lönd liðu fyrir það. Dregið hafði úr ferðamennsku og stjórnvöld höfðu dregið úr öllum kostnaði við alþjóðleg samskipti og utanríkisviðskipti. Samfélagið var á margan hátt horfið til fortíðar og íslensk arfleið höfð í öndvegi. Þarna vorum við að setja okkur inn í hvernig við sæjum þetta fyrir okkur. Innlend framleiðsla hafði stóraukist og mörg atvinnutækifæri höfðu skapast utan höfuðborgarsvæðisins, það hafði því orðið fólksflótti frá borginni og þröngur efnahagur borgarinnar hafði þrýst á samþjöppun og miðborgin hafði gengið í endurnýjun lífdaga. Þetta var myndin sem við höfðum fyrir framan okkur þegar að við vorum að hugsa um þorpið.

Önnur mynd var skerið. Skerið var þannig að alþjóðlegt orðspor Íslendinga hafði beðið skipbrot og landið var einangrað og rúið trausti. Ísland hafði misst forræði á mikilvægum málum svo sem peningastjórn og nýtingu auðlinda, hagur þjóðarinnar var ekki ávallt hafður að leiðarljósi við nýtingu auðlindana og jarðhiti fór þverrandi. Í skerinu var atvinnuleysi og félagsleg vandamál voru vaxandi að sama skapi að atgervisflótti kom illa niður á borgarsamfélaginu, samdráttur í ferðamennsku bitnaði á borginni og afskiptaleysi einkenndi borgarbraginn og mannlífið var fátæklegt. Við vildum ekki fara þangað og við vildum heldur ekki

fara inn í þorpið, við vorum að hugsa leiðir til þess að fara inn í gróðurhúsið, en ég ætla nú að fara yfir það síðast.

Þriðja sviðsmyndin var spilaborgin og þá sá maður fyrir sér svolítið svona einhvern veginn Las Vegas. Íslendingum hafði tekist að greiða niður skuldir sínar en þurftu að fórna miklu til. Auðlindir voru seldar til erlendra aðila og fyrirtæki borgarinnar seld úr landi. Ágeng nýting var á öllum sviðum og eingöngu horft til skammtíma hagsmuna. Erlend ítök voru mikil og þau voru ekki frá skilgreindum frændþjóðum okkar. Rekstur þjóðarbúsins leit ágætlega út og virðing alþjóðasamfélagsins óx í réttu hlutfalli við það. En borgin var fræg af endemum fyrir sköpun og fjörugt listalíf í miðborginni, en þegar betur var að gáð var það yfirborðskennt og innan tómt og skapaði ekki tekjur. Þangað vildum við heldur ekki fara.

Hins vegar vildum við öll held ég og erum öll auðvitað að hugsa þessa sóknaráætlun í átt til gróðurhússins og nú ætla ég að lesa sviðsmyndina um gróðurhúsið. Þar sem að Reykjavíkurborg er opin og alþjóðleg lífsgæða borg þar sem menningarstraumar mætast. Samfélagið einkennist af sjálfbærni og hagsýni, hófsemi og stöðugleika, við höfum sterka sjálfsmynd og erum menningarlega fjölbreytt. Borgin er fjölskylduvæn, örugg og friðsæl og það er þátttaka, lýðræði og jafnræði sem einkennir samfélagið. Borgarumhverfið er mennskt og einkennist af gæðum og áherslu á fegurð og græn gildi. Við höfum lært af reynslunni og forðumst öfgar og oflátungshátt, við erum alþjóðlegt þekkingarsamfélag og þekkt sem miðstöð vísinda og lausna í sjálfbærri orku, og einn virtasti Háskóli í heimi á þessu sviði er í Reykjavík og borgin telur nú 220 þús. íbúa. Þetta er sú mynd sem við erum að horfa til og erum auðvitað að vinna okkur í áttina að með þessari sóknaráætlun, sem að mér finnst vera virkilega eins og ég segi búin að vera áhugaverð vinna, gaman að taka þátt í henni, og hugmyndaþingið hérna í Ráðhúsinu, ég man nú ekki hvenær það var nákvæmlega í nóvember, að það var ótrúlega mikil þátttaka og svo endalaust af hugmyndum sem komu fram.

Ein hugmyndin var til dæmis sú að borgarfulltrúar leggi bílum sínum í tvo til þrjá mánuði á ári, sérstaklega um páska og jól og þá mundi strætókerfið kannski lagast. Það vita kannski ekki allir að við erum nú einhver hér í Borgarstjórn Reykjavíkur sem að hreinlega notum strætókerfið og erum ekki öll á bíl, ekki

alltaf alla vega. Önnur hugmynd sem er auðvitað bara gott að minna okkur á og það er að borg sem skilur að eldra fólk þarf að hvílast og leggur áherslu á það að það séu bekkir með reglulegu millibili þegar að við göngum umborgina.

Það voru margar hugmyndir sem komu fram varðandi hjólreiðar og eru sérstaklega í anda þess sem að við erum að hugsa og hjólreiðaáætlun sem hér liggur einmitt fyrir á fundinum og var samþykkt í umhverfis- og samgöngunefnd núna í vikunni eða í síðustu viku. Það kom fram hugmynd um það að eldra fólk verði virkara í samstarfi við grunnskóla, þetta er einmitt eitthvað sem við erum að huga að og margir skólar hafa á undanförunum árum aukið þessa samvinnu og eru jafnvel með svona, hvað segir maður bara vinaheimili, eitthvað af hjúkrunarheimilunum í nágrenninu er kannski bara vinaheimili ákveðins skóla og þangað fara börnin og eiga góð samskipti við hina eldri. En ég ætla ekki að telja upp margar hugmyndir hér, en það er ógrynni af hugmyndum sem komu þarna fram sem að voru virkilega áhugaverðar.

Í þessari sóknaráætlun er talað um markmið sóknaráætlunar en það er auðvitað í anda þess sem ég hef verið að segja hér. Markmið með sóknaráætlun verður að móta stefnu til framtíðar hvernig best verður tryggt hvernig Reykjavík verður ávallt í forystu hvað varðar lífsgæði fyrir borgarbúa og verði fyrsti valkostur fólks og fyrirtækja. Og það er það sem að við þurfum að tryggja og það er þangað sem að við ætlum. Það eru nokkrir málaflokkar og það hefur nú verið tíundað hér, ég ætla ekki að fara yfir það allt saman aftur, en mig langaði að geta þess að í málaflokknum *framtíðarfólkið* að þar er einmitt lögð sérstök áhersla á að virkja börn og unglinga til þátttöku og áhrifa um borgarmálefni, gildi og framtíðarsýn Reykjavíkur og að hlúa þarf sérstaklega vel að öllum málaflokkum sem tengjast þessum hópum með beinum hætti. Þetta á sérstaklega vel við núna í áherslum okkar sem að við samþykktum hér á síðasta fundi að tileinka árið 2010 sérstaklega velferð barna og mikilvægt að við horfum til þess og hugum að því á þessum tíma.

Annar málaflokkur hér er *íbúalýðræði og virkni* þar sem að talað er um hlutverk hverfisráða og hlutverk íbúanna að þeir fái aukið vægi og eigi frekari þátt í ákvörðunum sem við erum að taka og sérstaklega þá varðandi ákvarðanatöku sem gerir borgina aðlaðandi og manneskjulega og eykur stolt íbúanna. Og við erum að huga að því einmitt með til dæmis hverfaráðin sem að eru samsett vil ég segja af

fólki úr hverfunum sem að hefur innsýn inní hvernig hverfið er að virka. Því að hvert hverfi hefur sína sérstöðu og hefur sína menningu, að fólkíð sem að situr í hverfaráðunum hefur einmitt svona þessa tilfinningu fyrir því hver sé sérstaða hvers hverfis og hvernig best er að leggja áherslur á þátttöku íbúanna, hvernig þeir geti komið að ýmsum ákvarðanatökum. Til dæmis hvernig best er að láta strætisvagninn aka um hverfið eins og verið er að vinna að núna í Grafarvoginum. Með að finna út úr því hvernig megi nýta betur þann akstur strætisvagnanna í Grafarvoginum þannig að það nýtist þá betur til tómstunda- og íþróttaiðkunar og börnin geti nýtt sér þessa vagna og allan þann akstur sem þar er.

Nú fleira mætti telja sem er auðvitað jákvætt í þessu öllu saman, en fyrst og síðast þá er þessi vinna búin að vera góð, hún hefur verið unnin í mikilli sátt og verið gaman að því að við erum að huga til framtíðar hér fyrir borgina okkar hvar sem við stöndum í flokki og erum fyrst og fremst að hugsa um íbúana og þeirra lífsgæði og þjónustuna við þá.

Ég vil bara að lokum fagna þessari framkomnu áætlun sem við auðvitað munum vinna áfram með. Og eins og kom fram í máli Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa þá stendur til að bæta við einum flokki þarna sem að heitir *Samvera og útivist* og þar getum við þá hugað enn frekar að því hvernig við getum ýtt undir frekari samveru fjölskyldunnar, samveru yngri og eldri og forvarnarmálum sem að mér finnst vera mikilvægur vinkill inn í þetta og við þurfum í öllum okkar gjörðum að huga að.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér er til umræðu sóknaráætlun Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg á að vera borg allra borgarbúa til að svo geti verið þarf að sækja fram til velferðar. Til að tryggja fjölbreytt og blómlegt mannlíf sem er það sem að skapar borg þarf að tryggja öllum hlutverk og tryggja að allir taki þátt í samfélaginu. Í drögum að sóknaráætlun sem að hér liggur fyrir finnst mér vanta hugtakið velferð. Það er reyndar ýmislegt í sóknaráætluninni sem stuðlar að velferð á einn eða annan hátt, en hugtakið sem slíkt kemur ekki fyrir nema á einum stað í kaflanum um aðferðarfræði. Þar segir: „Það vekur e.t.v. athygli að ýmsir þættir eins og velferðarmál og öldrunarmál eru ekki áberandi í aðgerðum í sóknaráætluninni. Því er til að svara að skynsamlegar aðgerðir í þeim málaflokkum eru nauðsynlegur grunnur að velmegun íbúa borgarinnar til framtíðar og krefjast því ekki sérstaks sóknaráttaks“. Ég er alveg ósammála þessu, það þarf sérstakt sóknaráttak í velferðarmálunum. Það þarf sérstaklega að gæta velferðar þegar aðstæður fólks hafa gjörbreyst eins og verið hefur á síðustu tveimur árum. Mjög margir borgarbúar hafa misst lífsviðurværi sitt, aðrir sjá fram á áralanga og áratuga erfiðleika vegna mikilla skulda og minnkandi tekna, fólk einangrast í samfélaginu vegna vanmáttar gagnvart aðstæðum sínum og líður illa vegna þess og við erum að horfa hér upp á 10% atvinnuleysi, við sem erum von því að horfa upp á atvinnuleysi upp á 1-4%. Þess vegna verðum við að gera sérstakt sóknaráttak í velferðarmálum og ég hvet borgarstjóra sem að stýrir þessari vinnu að huga að velferðarborginni Reykjavík, að hugtakið velferð sé haft að leiðarljósi í þessari vinnu.

Og ég ætla bara aðeins að hlaupa yfir það hvernig velferð getur í rauninni tengst öllum köflum þessarar sóknaráætlunar, án þess að ég lengi mál mitt mikið. Þá er í kaflanum um gildið og framtíðarsýn þar segir; „Að skilgreina eigi grunngildi Reykjavíkurborgar“. Þar finnst mér að velferð borgarbúa eigi að vera að leiðarljósi alveg óháð aldri, getu eða heilbrigði eða félagslegri stöðu fólks og að tala eigi um jöfn tækifæri borgarbúa, því að það eru jöfn tækifæri og jöfnuður sem skilar sér í aukinni velferð.

Í kaflanum um *höfuðborgina* þá þarf líka að tala um velferð vegna þess að til höfuðborgar sækja allir sem að ekki þrífast í minni samfélögum. Við höfum því

sem betur fer fjölbreyttara mannlíf í borgarsamfélagi en í öðrum samfélögum. Um *fram tíðarfólkið* þá þarf líka hugtakið velferð að koma fyrir því að við þurfum svo vissulega að fjárfesta í börnum og ungu fólki til velferðar. Nú það sama má segja um *Grænu borgina* og *skipulagsmálin*, því að það er þannig að vistvæn borg hún bætir lýðheilsu með hreyfingu og hreinu lofti og eykur þannig velferð allra borgarbúa því að þar er boðið upp á græn svæði og fleira.

Síðan er kafli um *atvinnulífið* og ekki þarf að tunda það hér hvernig atvinnustig hefur áhrif á velferð allra borgarbúa því að með vinnunni fyrir þá sem að geta unnið er skapaður grundvöllur til tekna og velferðar þeirra sem að njóta þeirra og fjölskyldur þeirra. Við megum þess vegna ekki sætta okkur við atvinnuleysi því að það er grundvöllur velferðar. Menningin er líka tengd velferð því að skemmtilega og skapandi borg hún skapar vissulega vellíðan sem að er mikilvæg og lokum vil ég segja varðandi íbúalýðræði og virkni að þá eiga eins og ég sagði hér í upphafi allir rétt á að hafa hlutverk í lífinu og lýðræði það eykur svona valdeflingu fólks. Fólk upplifir að það hafi meira vald yfir sínu lífi þegar það tekur þátt og er virkt í samfélaginu.

Þannig að ég er svona búin að hlaupa yfir þetta í mjög fáum orðum af því að umræðan er búin að vera löng, en mér finnst að það vanti að tengja sóknaráætlunina velferðarmálum og velferðarhugtakinu því að það þarf sérstaka sóknaráætlun í þeim málum öfugt við það sem fram kemur í kaflanum um aðferðarfræði og ég hvet þá sem að hafa verið í þessari vinnu að taka þetta til skoðunar.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Áslaug Friðriksdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Hér er rætt um sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og mig langar nú til að fara svona aðeins yfir hana sérstaklega hvað varðar menningarmálin. En eins og fram hefur komið er getið um nokkrar lykilaðgerðir í þessari sóknaráætlun, fjórar lykilaðgerðir í menningarmálum. Fyrsta er að gera *sögu og menningararf Reykjavíkurborgar* mun sýnilegri með húsvernd, endurbótum, merkingum, viðburðum með áherslu á sögu tengda menningarstarfsemi og ríkar kröfur til menningarstofnana um að þær séu í fararbroddi í íslensku menningarlífi og að gera vandaða úttekt á efnahagslegu gildi menningarstarfsemi fyrir Reykjavík og svo að menningarleg og listræn gæði verði virt í hönnun bygginga og opinberra rýma sem Reykjavíkurborg stendur að.

Mig langar í þessu sambandi að fara aðeins í gegnum þau verkefni sem að unnin hafa verið í menningar- og ferðamálaráði sem eru mjög í anda þessarar sóknaráætlunar. Við höfum á síðasta ári 2009 samþykkt menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Í henni eru átta kaflar þar sem fjallað er um hvernig Reykjavíkurborg getur eflst sem höfuðborg menningar í landinu. Í fyrsta kaflanum er fjallað um hvernig menningin er auðlind sem hægt er að byggja á til framtíðar. Þar er tekið fram að Reykjavík gegni menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg og rækti menningarlega sjálfsmynd sína. Og svo það mikilvæga atriði að menningin verði viðurkennd sem mikilvægur hluti efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.

Það eru ýmsar leiðir til þess að koma þessu á og meðal annars nefndar hér í stefnunni samvinna í menningarmálum við félög listamanna, stofnanir, önnur sveitarfélög og fyrirtæki. Svo að borgin greiði götu skapandi atvinnugreina með því að leiða saman listsköpun, atvinnulíf og framleiðslu. Þá er talað um rannsóknir í hagrænum áhrifum listastarfsemi og við í menningar- og ferðamálaráði höfum nú þegar sett saman starfshóp sem að mun fjalla nákvæmlega um það og taka saman hugmyndir og leiðir að því hvernig við getum sett saman góð viðmið, hvernig við vinnum svo áfram að þessu, því að þetta er ekki borðliggjandi og þarf eflaust að velta talsvert fyrir sér. Það er nú samt þannig að viðhorfin auðvitað breytast og mér finnast viðhorfin til menningarinnar séu þannig að hún sé mun mikilvægari nú en jafnvel hefur verið, svona eins og fjárfestingar í heilsu hafa orðið mun betur

viðurkenndar og teljast jafnvel algjörlega eðlilegar, þá held ég að fjárfestingar í menningarstarfsemi verði það líka þegar að við förum að horfa gagnrýnna og gegnsærra á málið.

Í menningarstefnunni er fjallað um börn og menningaruppeldi og það er einmitt fjallað um það líka hérna í sóknaráætluninni og þess er getið í stefnunni að börn og fjölskyldur séu virkir þátttakendur í menningarlífinu og framlag barna til menningar metið að verðleikum. Menning og listir verði snar þáttur í uppeldi og kennslu barna á öllum skólastigum og þetta er stefnan okkar til næstu þriggja ára. Við erum strax farin að sjá áhrif stefnunnar í verkáætlun og starfsáætlunum stofnanna. Þar er mikið fræðslustarf sem á eftir að skila okkur árangri og mun í rauninni auka listfræðslu barna. Leiðir þar undir eru fleiri í menningarstefnunni og mig langar bara til að minnast á þær hér. Það er til dæmis aðkoma listamanna í listuppeldi barna.

Ég tel það geta verið mjög mikilvægt og mér finnst ástæða til þess að við skoðum það og gerum tilraunir með það eða hvetjum til þess að skólar og leikskólar geri tilraunir með það að fá listamennina betur inn og meira inn og sjá hverju það skilar. Svo þarf auðvitað að vera ákaflega markviss miðlun upplýsinga um menningu til barna og unglinga, og unglíngamenningin verður að brjótast betur fram til okkar hinna. Við eigum að veita henni farveg betur og gera hana mun sýnilegri í menningarlandslaginu sem við höfum hér í borginni. Það er einnig talað um menningarstofnanir, bæði hér í sóknaráætluninni og líka í menningarstefnunni og þetta hljómar mjög líkt. En þar segir að menningarstofnanir gegni fjölþættu hlutverki á metnaðarfullan hátt og verði mikilvægur hluti af lífi íbúa jafnt sem gesta í stefnunni, en í sóknaráætluninni er fjallað um að menningarstofnanir séu í fararbroddi í íslensku menningarlífi.

Ég held að starfsáætlanir stofnananna okkar sýni að þar er metnaðarfullt starf unnið og algjörlega í anda þess sem hér getur og eflaust mörg og góð sóknarfæri þar. Ef við förum aðeins í leiðirnar til þess að aðgerðarbinda hvað við erum raunverulega að tala um. Þá er þetta auðvitað markviss kynning á starfseminni sem verður að vera skýr og komast til skila til borgarbúa og gesta. Þegar að við fjöllum um menningarstofnanir þá erum við alls ekki bara að fjalla um það sem gerist innan veggja listasafna eða bókasafna eða eitthvað þannig heldur að starf

þeirra nái út fyrir veggina og tengist einhvern veginn því sem er að gerast í borginni á mun betri og fjölbreyttari hátt en verið hefur. Það er sérstaklega fjallað um listir í menningarstefnu Reykjavíkurborgar, en það segir að listalífið einkennist af þrótti, metnaði og hafi tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Þar þurfum við að skapa aðstöðu og rými fyrir kraftmikið listalíf. Leiðir að þessu markmiði eru til dæmis að hafa fjölbreytta aðstöðu til listsköpunar, listflutnings og sýninga og að þessu vinnum við svo sannarlega.

Við erum nú að gera upp Tjarnarbíóið hérna við hliðina á þar sem verður einmitt þessi fjölbreytta aðstaða fyrir sjálfstæða leikhópa og bætist í rauninni við þá flóru sem við höfum nú þegar í borginni, og verður vel þegið veit ég og margir bíða spenntir eftir að komast þar inn og hefja störf. Svo verður auðvitað að styðja við listamenn og þó að það komist ekki allir að í söfnunum þá er margt annað hægt að gera og menningar- og ferðamálaráð veitir styrki á hverju ári og við höfum gætt þess nú á árinu 2010 í fjárhagsáætlun að vernda í raun og veru styrkina, skera þá ekki niður meira en gengur og gerist í stofnunum heldur vernda í rauninni það, því að við teljum að þar komi grasrótahugmyndirnar og starfið best fram og þetta sé í rauninni svona besta leiðin til að halda öllum hugmyndaleiðum opnum.

Annað markmið í stefnunni hefur yfirskriftina *Samkennd og jafnræði* og fjallar um það að menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu. Menningarlífið þarf að laða að sér fólk og hvetja til þátttöku og stuðla að jákvæðri félagsþróun. Og algjörlega í anda þessa ber menningarstefnan okkar yfirskriftina *Menning er mannrækt* og ég held að flestir sjái alveg hvers vegna og sérstaklega á þessum erfiðu tímum þá sjáum við það líka að þátttaka fólks í alls kyns viðburðum og gestakomur á söfn, sama hvers konar söfn, hefur aukist gífurlega mikið. Þá hafa útlán bókasafnanna einnig aukist bara langt umfram það sem að nokkur gat getið sér til um. Leiðir að þessu markmiði væri til dæmis að bæta aðgengið að menningarstofnunum, bæði í [...] sem og í netheimum og á rafrænan hátt auðvitað bara þannig að fólk komist að upplýsingasamfélaginu. Það þarf að tryggja framboð á erlendum tungumálum og það þarf að kynnast í rauninni fólki af ólíkum kynslóðum og menningarheimum og þessir ólíku hópar þurfa að hafa tækifæri til að skiptast á skoðunum og koma fram með sín málefni, reynslu og þekkingu.

Eins og segir hér í lykilaðgerðunum, þá skal gera sögu og menningararf Reykjavíkurborgar mun sýnilegri og er það auðvitað mikið sóknarfæri. Í menningarstefnunni kemur það fram að markmið sé að í borgarmyndinni sé hlúð að sögu- og menningarverðmætum og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi. Menning, listir og saga eru mikilvægur þáttur í þróun borgarmyndarinnar. Leiðir að þessu eru auðvitað verndun menningarminjanna og kynning á sögu borgarinnar með menningarmerkingum og öðru fræðslustarfi. Það er gaman að segja frá því við höfum nú unnið að því þó nokkuð lengi að koma í gegn samræmdum menningarmerkingum og þær fyrstu eru komnar upp og munu fleiri svo bætast í þann hóp fljótlega og svo jafnt og þétt eins og tíminn líður, og við þurfum auðvitað að koma því fram hvað er merkilegt við hvern stað svo að útlendingar og gestir viti hvar þeir eru og fái upplifað þá sögu sem staðurinn hefur að geyma.

Þá er talað hér um að borgin verði alþjóðleg menningarborg. Það þarf að standa vörð um að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma og menningarlífið í borginni þarf að einkennast af alþjóðlegum borgarbrag og menningarlegri sérstöðu. Leiðir að þessu væru til dæmis að kynna Reykjavík, menningarlífið og listamenn í samstarfi við menningarstofnanir og samtök, bæði hér heima og erlendis, og það er unnið að þessu nú þegar og vonandi verður unnið enn meir. Og svo þarf auðvitað að vera í samstarfi við stofnanirnar okkar og það að við þurfum að markaðssetja Reykjavík sem þessa menningarborg. Mikilvægt er að hvetja til samvinnu erlendra og íslenskra listamanna, því að það gefur okkur heim- og tengslanet sem að skilar okkur afurð og netið sem að hægt er að vinna með áfram.

Þá er talað um aukna áherslu á alþjóðlegar menningahátíðir í Reykjavík. Og við höfum nú rætt þetta í menningar- og ferðamálaráði að auðvitað fara þessa leið og munum skoða það betur á árinu hvernig við getum í rauninni stuðlað að því að hér byggist upp alþjóðlegar hátíðir eða viðburðir sem að erlendum gestum þætti vert um að taka þátt í. Að síðustu í menningarstefnunni svo ég bara segi frá því hér, er kafli sem heitir *Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar*. Því það er auðvitað svolítið þannig að það er svona ekkert eitt ráð eða einn afmarkaður hluti sem getur fjallað um svona stór mál. Það leiðir að þessu að vægi menningarinnar í stjórnkerfinu sé ótvírætt og skipulag sé skýrt og stjórnin markviss er að auka samvinnuna á milli fagsviða og þetta höfum við nú þegar tekið til endurskoðunar

og eru ýmis verkefni einmitt bara strax farin í gang á milli til dæmis leikskólasviðsins og menntasviðsins. Og þá þarf að gera samstarf og samráð borgar og ríkis ennþá markvissara en verið hefur og við erum líka að gera það. Hittumst reglulega og reynum að velta upp málum sem við ætlum að taka á sameiginlega. Þá er auðvitað þetta aukna samstarf við aðrar menningarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga og samtök um menningarmál eru mikilvæg.

Þá langar mig til að koma aðeins inn á það hvar verðmætasköpunin verður í borginni, af því að hér var rætt um það áðan. Ég held að menningin geti verið kraftmikill þáttur í því, við eigum auðvitað að nýta allt sem við getum – þá viðburði sem við höfum, byggja þá enn þá frekar upp og stuðla að því að fleiri fari út í slíka vinnu og gera í rauninni árið að litrófi viðburða sem að þá trekkja ferðamenn til borgarinnar og aðilar í ferðaþjónustu geta gert hreint og beint út á. Þetta auðvitað skapar okkur heilmikil tækifæri og gjaldeyri vonandi en það er auðvitað það sem að væru verðmætin þar. Við höfum unnið að því að hvetja til nýsköpunar í ferðaþjónustu, vorum með hugmyndatorg á síðastliðnu ári þar sem við buðum alla íbúa, alla þá sem vildu taka þátt að koma með hugmyndir. Þær gætu verið mjög skipulagðar og vel unnar út í það að vera bara setning sem að komið var á framfæri við starfsmann Höfuðborgarstofu á þessu hugmyndatorgi. Út úr þessu komu ofboðslega skemmtilegar hugmyndir sem að við eigum eftir að nýta okkur og erum þegar byrjuð að sjá nokkrar af þeim verða að veruleika. Það sem gildir í þessum málum er að hugsunin sé alltaf sú að borgin er að veita úr opinberum sjóðum til að greiða leið þeirra sem eru í ferðaþjónustunni og byggja upp kerfi eða viðburði eða annað slíkt sem flestir geta nýtt sér, auka upplýsingar á vef borgarinnar, þannig að auðveldara sé fyrir þessa aðila að auglýsa afþreyingu sem að býðst hér til þess að enn þá fleiri komi á staðinn.

Þá langar mig aðeins til að koma inn á íbúalýðræði og virkni sem er heiti eins sóknarfærisins hér. Ég held að það sé algjört lykilatriði að við förum að einbeita okkur betur að rafrænum aðgerðum og leiðum til þess að ná til fólks. Íbúar borgarinnar eru löngu tilbúnir, það erum við sem að förum á hraða snigilsins í þessu máli og við getum gert enn þá betur. Að vísu er talsverður svona efi um það að þetta séu traustar leiðir og maður finnur það að rafrænar kosningar hafa ekki enn þá það traust sem þurfa að fá og þetta þurfum við að yfirvinna í smá skrefum.

Bstj. 19. janúar 2010

Við byrjuðum nú hér fyrir jól – í desember með íbúakosningunni þar sem að 5 eða 6 þúsund manns tóku þátt og heppnaðist gríðarlega vel. Þetta var frábært fyrsta skref í lýðræði og auðvitað höldum við því áfram.

Við sjáum það í alþjóðlegum samanburði að Íslendingar eru miklir netverjar, þeir nota netið og rafrænar aðferðir miklu meira en aðrir, við erum nánast öll nettengd ef maður skoðar nýjustu upplýsingar um það. Og eftirspurnin eftir rafrænum leiðum, aðgerðum eða þátttöku er í rauninni jafn mikil eða meiri en framboðið, þannig að stjórnkerfið, bæði stjórnsýslan og Reykjavíkurborg til dæmis og sveitarfélagastigið mætti algjörlega fara aðeins að spýta í lófana og fara að nálgast borgarana á þeirra vettvangi. Þannig held ég líka að hverfisráðin sem að hér eru nefnd, líka auka hlutverk hverfisráða og taka upp beinar kosningar innan hverfanna til þeirra sé leið sem væri fljótlega hægt að taka upp eða allavega fara að skoða. Þetta mundi gefa hverfisráðunum sem nú sitja mikla endurgjöf um hvað það er sem íbúarnir eru að hugsa og hvað ráðin ættu að vera að gera og beita sér fyrir. Og ég bara fagna því að þetta sé komið hér inn. Að öðru leyti fagna ég allri sóknaráætluninni, tel hana ofboðslega gott innlegg inn í framtíðina, byggð á skemmtilegri aðferðarfræði og gefi okkur góða sýn á það hvað við viljum verða. Takk.

Forseti: Borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þessa góðu umræðu og það innlegg sem að hún hefur verið í þeirri miklu vinnu sem að hefur staðið yfir og mun standa yfir á vettvangi borgarinnar vegna þessa plaggs. Ég efast ekki um að þetta er eitt af mikilvægum verkefnum sem Reykjavíkurborg hefur farið í í langan tíma, enda er hér algjörlega verið að setja í gagnid og setja í gang nýja hugsun í ýmsu er tengist borginni auk þess sem að ég held að við getum öll verið sammála um það að þeir sem unnu að þessari sóknaráætlun fyrir Reykjavíkurborg hefur tekist að fanga það sem að mestu skiptir við þær aðstæður sem við nú búum við. Og það er einlæg von mín og eftir að hafa hlustað á þessar fínu ræður hér í dag, þá er það alveg ljóst að við stöndum öll saman að því og það er einlæg von okkar að við getum nýtt það besta úr þessu plaggi, en auðvitað kemur það í ljós eins og við svo sem vissum og ræddum í upphafi og höfum rætt í allri þessari vinnu, að við erum auðvitað ekki öll á nákvæmlega sama stað hvað varðar einstaka þætti í áætluninni.

Sumir leggja meiri áherslu á annað og aðrir leggja áherslu á aðra þætti sem að líka svona endurspeglar muninn á okkar pólitísku sýn. Mig langar að nefna nokkra þætti, forseti, sem að borgarfulltrúar komu sérstaklega inn á og töldu að þyrfti að huga að. Ég vil aðeins draga það saman til þess að tryggja að það gerist sem að Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi nefndi, að þessi umræða hér fari inn í þennan stýrihóp og að það verði skoðað hvort að ástæða sé til þess að vinna með þessi drög þannig að þau geti komið síðan til samþykktar í borgarráði eða borgarstjórn.

Það sem að var nefnt hér ítrekað af hálfu borgarfulltrúa er að það mætti skerpa á velferðinni í þessu plaggi. Ástæðan er auðvitað sú að þessari áætlun og þeir sem að henni komu töldu að á þeim málaflokki væri vel haldið og það er ekki nefnt sérstaklega sem hluti af sóknaráætlun. En ég held hins vegar að það sé alveg ljóst eins og borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir og Björk Vilhelmsdóttir komu inn á að við þurfum að skoða það og hugsanlega skerpa á því. Þannig að ég lít svo á að það sé verkefni sem að við þurfum að rýna betur. Ennfremur nefndu nokkuð margir það sem að tengist menntamálunum og það sem að tengist íþrótt- og tómsundamálunum að það þyrfti að ávarpa það með aðeins afgerandi hætti í þessu plaggi og það er rétt að staldra við það. Ég vil samt sem áður nefna það, eins

og ég sagði hér í ræðu minni fyrr í dag, að þær viðbótar tillögur sem að eru nú komnar fram og tengjast að hluta til báðum þessum málaflökkum og lúta að því sem kom út úr hugmyndaþinginu sem er að setja inn í plaggið kafla um samveru og útivist og tengist auðvitað þessum málum sérstaklega er varðar íþrótta- og tómstundamálin. Þannig að ég á von á að það komi inn með meira afgerandi hætti í ljósi þeirrar tillögu sem að ég nefndi hér í byrjun að kæmi inn í þetta.

Að öðru leyti held ég að flest hafi verið sagt sem að segja þarf hvað þetta varðar. Hins vegar er það alveg ljóst að þetta er einungis fyrsta umræðan, við höfum reyndar tekið umræður án þess að hafa plaggið undir höndum, en þetta er fyrsta umræðan um þetta mikilvæga plagg. Sú umræða verður örugglega lengri og meiri á vettvangi borgarstjórnar og í ráðum og nefndum borgarinnar á seinni stigum. Og hvað varðar það hvernig haldið verður á málinu í framhaldinu, þá verður dregið saman úr þessari umræðu ábendingar frá borgarfulltrúum og þeim komið inn í vinnuna hjá þessum hópi sem heldur utan um verkefnið, auk þess sem eins og ég nefndi í upphafi að tillögur frá hugmyndaþinginu fara inn í plaggið. Og þá mun þetta plagg sem hér hefur legið frammi sem drög að sóknaráætlun breytast í tillögu að sóknaráætlun sem að lögð verður fram til samþykktar og það er von mín og ég held að við getum vænst þess að þannig verði það eftir þessa umræðu í dag, umræðan var að beiðni allra flokka utan F-listans og ég ber vonir til þess og vænti þess að við getum sameinast um öflugt og gott plagg og öfluga og góða sóknaráætlun fyrir Reykjavík.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dofri Hermannsson: Já þakka þér fyrir það forseti. Ég beini orðum mínum til borgarstjóra. Mér fannst vanta inn í hennar lokaræðu skýringu á því hvernig væri hægt að stefna að því að horfa sérstaklega til uppbyggingar sem hvílir á margvíslegum leiðum í nýtingu hreinnar orku í atvinnulífi Reykjavíkur og hafa á sama tíma lofað allri virkjanlegri orku Orkuveitu Reykjavíkur í fyrirsjáanlegri framtíð til einnar álbræðslu suður með sjó. Og það væri ágætt að fá þær skýringar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur veitt andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Nú held ég að gæti örlítils misskilnings í málflutningi borgarfulltrúans. Þetta plagg hér er ekki unnið af meirihlutanum í Reykjavík og er ekki stefnuskrá meirihlutans í Reykjavík. Þetta er sóknaráætlun fyrir Reykjavíkurborg og ég fór yfir það í löngu máli hér áðan að hún væri unnin af stýrihópi sem var skipaður án pólitískrar aðkomu. Þetta er álit þessa hóps. Og það er álit þessa hóps að svona skuli unnið að málum. Og í því felst ekki endurspeglun á afstöðu meirihlutans til einstakra verkefna, heldur ekki endurspeglun á afstöðu minnihlutans, heldur er þetta niðurstaða þeirra og niðurstaða þeirra borgarbúa sem að verkinu komu og við auðvitað leggjum til að það verði skoðað. Það er ekki eins og þetta sé stefnuskrá Sjálfstæðisflokks eða Framsóknarflokks, þannig að ég skil ekki alveg og það er örugglega fullt af svona hlutum sem ég gæti fundið hér og sagt; samræmist aukið val í skólastarfi í stefnu Vinstri grænna. Við getum haldið áfram svona, en plaggið er ekki og ég ítreka það og áréttá það enn og aftur, plaggið er ekki stefnuskrá meirihlutans í Reykjavík eða stefnuskrá einstakra flokka heldur plagg sem er unnið af þessum stýrihópi sem telur að þetta skuli vera áherslur til framtíðar.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari og þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dofri Hermannsson: Já forseti. Ég vil þakka borgarstjóra fyrir að útskýra þetta, en ég vil þá umorða spurninguna og spyrja um álit borgarstjóra og þá meirihluta flokkanna á þessu ákvæði og hvernig verður hægt, ef þeir líta svo á að þetta sé verðugt markmið, að líta til uppbyggingar sem hvílir á margvíslegum leiðum í nýtingu hreinnar orku, hvernig þeir sjá það samræmast þeim samningum sem gerðir hafa verið um orkusölu til Norðuráls vegna Helguvíkurlvers.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég sé ekki að þetta ákvæði eða þessi hugmynd um lykilaðgerðir geti ekki vel farið saman við áherslur meirihlutans og áherslur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, ég get ekki séð þennan mun. En ég ítreka það að ég hef ekki og hélt einhvern veginn að vinnan væri öðruvísi, ég hef ekki prófarkalesið plaggið út frá því eða sagt við stýrihópinn þetta gengur ekki alveg finnst mér saman við mínar áherslur, þannig að ég legg til að því verði breytt. Við höfum ekki ritskoðað plaggið með neinum hætti, það getur vel verið að Dofri Hermannsson lesi þannig í það að það gangi ekki upp við stefnu meirihlutans í einhverju samhengi. Við höfum ekki talið svo vera, en reyndar ítreka ég það að við höfum ekki prófarkalesið það eða farið yfir það og borið það saman við eigin stefnuskrá.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Dofri Hermannsson óskað eftir að gera stutta athugasemd.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Dofri Hermannsson: Já, forseti. Mér þykir nú undarlegt að heyra talað um prófarkalestur í þessu efni. Þetta er ekki smáatriði sem að gengur út á prófarkalestur. Hér er verið að tala um að það eigi að móta einhvers konar stefnu um það hvernig við notum hina takmörkuðu orku sem að Orkuveita Reykjavíkur og Reykvíkingar hafa yfir að ráða til þess að búa til sem flest störf og mestan virðisauka fyrir Reykvíkinga og það er talað um prófarkalestur. Hið stóra atriði í þessu er, háttvirtur borgarstjóri, að megawöttin eru búin, það er ekkert prentvilla, þau eru búin. Þið skrifuðuð undir samning um að orkan skyldi öll fara í að búa til rafmagn fyrir álver í Helguvík.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá gerir borgarstjóri einnig stutta athugasemd.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúi. Ég skil ekki alveg hvers vegna borgarfulltrúinn er að gera ágreining úr þessu. Ég var að segja það að ég tel að þetta ákvæði sem hér er geti fullkomlega samrýmst áherslum meirihlutans. Ég sagði hins vegar að ég teldi ekki að plaggið endurspeglaði áherslur eins flokks eða eins meirihluta öðru fremur. Og ég minni bara borgarfulltrúann á það, að það er stöðugleika sáttmáli í gangi sem að meðal hans flokkur stóð að, þar sem gert er ráð fyrir ákveðinni uppbyggingu, gengur þetta saman við það. Ég var bara að benda á það að ég hef ekki rýnt plaggið vegna þess að það var sett, ef að borgarfulltrúinn rifjar upp umræðuna fyrst, þá ákváðum við að setja hana í þann farveg að hún væri ekki þannig einmitt eins og borgarfulltrúinn kýs að taka þetta strax á þennan stað. Að lesa í það hvort að þetta gangi upp saman við stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins eða Framsóknarflokksins, það var ekki hugsunin með plagginu. Hugsunin var að búa til plagg fagaðila, sem mundi leggja einhverja línu sem pólitíkin gæti fellt sig við til langs tíma, þannig að eignarhaldið átti að vera dreift og breitt. Þannig að ég endurtek það að ég hef ekki lesið það út frá stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, leit ekki svo á að vinnan væri sett fram þannig og tel vel að allar þessar aðgerðir geti samræmst stefnuskrá allra flokka.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur til máls Þorleifur Gunnlaugsson.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Mér þykir gæta ákveðins misskilnings í þessari umræðu. Ég átti að vísu ekki sæti í borgarráði í nóvember 2008, en þegar ég les fundargerð hvað þetta mál varðar af þeim fundi, að þá get ég ekki séð að borgarráð hafi framselt til vinnuhóps ákvörðunarvald um þetta mál. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa aðeins stutt úr fundargerðinni og þar segir; til undirbúnings verður skipaður starfshópur sem hafi það hlutverk að kortleggja tækifæri borgarinnar til nýsköpunar og vaxtar á næstu árum og skal hann vinna á þeim grundvelli hugmyndir um það hvernig höfuðborgin hyggst mæta nýjum áskorunum. Og í lok tillögunnar sem var samþykkt einróma segir; tillögu starfshópsins verði skilað til borgarráðs eigi síðar en 1. febrúar 2009. Ég get ekki lesið annað úr þessari tillögu en að þarna hafi vinnuhópi verið falið ákveðið verkefni, hann eigi að skila tillögu til borgarráðs, en að sjálfsögðu sé borgarráð ekki að afsala sér sínum skyldum að klára endanlega þetta mál.

Forseti: Borgarfulltrúi Porleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

1. mál Umræða um sóknaráætlun fyrir Reykjavík

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég sagði aldrei, ég sagði ítrekað í ræðu minni að málið kæmi til endanlegrar afgreiðslu borgarráðs og jafnvel borgarstjórnar. Þannig að þetta sem við erum að ræða hér eru tillögur að sóknaráætlun. Sé það eitthvað hér sem menn ekki treysta sér til þess að samþykkja nú þá kemur það í ljós. En plaggið eins og það liggur fyrir í dag, eins og það liggur hér fyrir til umræðu, er plagg sem er unnið af umræddum stýrihópi sem var falið að vinna þetta fyrir borgarráð og borgarstjórn. Og síðan er það hárrétt hjá borgarfulltrúanum, það hefur enginn verið að halda neinu öðru fram, það er ekki þeirra að samþykkja það og gera það að plaggi fyrir borgina það er okkar. Og þess vegna höfum við tekið þessa umræðu hér í dag til þess að fara yfir það hvernig menn telja að þetta plagg hafi tiltekist og hvort að það sé ástæða til þess að huga að ákveðnum þáttum í því. Allir hafa bent á ákveðna þætti í því sem að þeir telja að þurfi að huga að og með það verður auðvitað unnið og svo þegar að kemur til kasta borgarráðs, nú þá kemur í ljós hvort að allir treysti sér til að standa að því eða hvernig á því verði haldið.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls undir þessum lið, þ.e.a.s. umræðu um sóknaráætlun.

Bstj. 19. janúar 2010